



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2012-2013

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Haut 2013

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Tölulegar upplýsingar	5
3.	Fundir, fyrirlestrar og námskeið	6
4.	Gjafir og styrkir	7
5.	Nýjungar	7
5.1.	Skyldustoð.....	7
5.2.	Opið hús – námskynning	7
5.3.	FS - Skemmtilegri skóli	7
5.4.	Afreksíþróttalína	8
5.5.	Evrópskt æfingaping	8
5.6.	Nám er vinnandi vegur	8
5.7.	FS – Heilsueflandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði	8
5.8.	Skimun fyrir brottfalli.....	9
5.9.	Valfög fyrir grunnskólanemendur	9
6.	Ýmsar upptakomur	10
6.1.	Busavígsílan	10
6.2.	Göngudagur	10
6.3.	Gróðursetning.....	10
6.4.	FS í sjónvarpinu.....	11
6.5.	Forvarnardagurinn.....	11
6.6.	Ferðalög nemenda.....	11
6.7.	Þemadagar.....	12
6.8.	Starfshlaup.....	12
6.9.	Dimmisio	12
6.10.	Bleiki dagurinn	12
6.11.	Heimsóknir.....	13
6.12.	Ýmsar keppnir	13
7.	Skýrsla matsnefndar	15
8.	Skýrslur sviðsstjóra.....	18

8.1.	Málasvið.....	18
8.2.	Raungreinasvið	20
8.3.	Samfélagssvið	22
8.4.	Tæknisvið.....	29
8.5.	Starfsbraut	34
9.	Skýrsla bókasafns.....	41
10.	Skýrsla námsráðgjafa.....	43
11.	Nám er vinnandi vegur	49
12.	Lokaskýrsla „FS – skemmtilegri skóli“.....	56
13.	Skýrsla hjúkrunarfræðings.....	62
14.	Skýrsla forvarnarfulltrúa.....	63
15.	Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	66
14.	Skýrsla nemendafélags (NFS)	68

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2012 - 2013. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, nýjungar og uppákomur í skólstarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa. Einnig er lokaskýrsla þróunarverkefnisins „FS - skemmtilegri skóli“ og skýrsla um verkefnið NVV.

Í byrjun skólaárs tók Kristján Ásmundsson við starfi skólameistara af Ólafi Jóni Arnbjörnssyni sem hafði gegnt stöðu skólameistara frá árinu 1995. Guðlaug M. Pálsdóttir tók við stöðu aðstoðarskólameistara af Kristjáni. Ægir Karl Ægisson og Elín Rut Ólafsdóttir voru ráðin í áfangastjórn.



Frá skólasetningu í ágúst 2012.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2012

Skólastarf hófst 17. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 22. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru rúmlega 1100 en auk þess stunduðu tæplega 100 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans voru 98 á önninni, þar af voru 85 kennarar. Verktakafyrirtæki sáu síðan um ræstingu og mötuneyti.

Níu nýir kennarar hófu störf við skólann í upphafi annar, þau Ásgeir Ólafur Pétursson í eðlisfræði, Björk Bergsdóttir í stærðfræði, Ellert Smári Kristbergsson í forritun, Guðrún Jóna Sigurðardóttir í félagsfræði, Olga Hanna Möller Olgeirsdóttir í stærðfræði, Ólöf Hildur Egilsdóttir í ensku, Pétur Brynjarsson í sögu, Thelma Björk Jóhannesdóttir á starfsbraut og Valgeir Jens Guðmundsson í stærðfræði og tölvugreinum. Guðbjörg Jónatansdóttir, Íris Jónsdóttir og Guðlaug M Pálsdóttir komu aftur úr leyfi og Hulda Egilsdóttir og Sunna Gunnarsdóttir komu úr barneignarleyfi. Daníel Galvez, Karen Arason og Marta Guðrún Jóhannesdóttir fóru í leyfi. Þær Inga Lilja Eiríksdóttir og Telma Rut Eiríksdóttir fóru í barneignarleyfi á önninni og leysti Torfi Gíslason Ingu Lilju af og Þórir Viðarsson Telmu Rut.

Vor 2013

Skólastarf hófst 7. janúar með stundatöfluaafhendingu og fyrsta kennsludegi 8. janúar. Í dagskóla voru tæplega þúsund og fimmtíu nemendur. Að venju sóttu nemendur 10. bekkja grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstökum fögum og voru þeir að þessu sinni um 100 talsins. Rúmlega 150 nemendur stunduðu nám í skólanum í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur“. Fastir starfsmenn skólans voru 96 á vorönninni, 83 kennarar og 13 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sjá um ræstingu og mötuneyti eins og verið hefur. Sara Ross Bjarnadóttir, Olga Hanna Möller Olgeirsdóttir, Torfi Gíslason og Þorsteinn Þorsteinsson hættu um áramótin en Þorsteinn kom skólanum til bjargar og leysti af vegna veikinda fyrstu vikur annarinnar. Dagbjörg Magnúsdóttir kom inn í hlutastarf um áramótin og Jóna Guðrún Jónsdóttir fór í leyfi. Inga Lilja Eiríksdóttir var í barneignarleyfi en kom aftur til starfa undir lok annarinnar.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabíl verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram með hefðbundnum fundum stjórnenda þessara þriggja skóla en þann 28. janúar var sameiginlegur fundur allra kennara og starfsfólks skólanna. Fundurinn var haldinn á Selfossi þar sem rætt var um námskrágerð.

Haust 2012

Á sóknardögum kennara í byrjun haustannar hélt Guðrún Geirsdóttir erindi um gerð kennsluáætlana.

Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 6. september. Hófst fundurinn með hefðbundinni dagskrá sem m.a. felst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið. Innu en síðan var aðalfundur foreldrafélag skólans haldinn. Að lokinni kynningu á skólanum flutti Jón Sigfússon frá Rannsóknnum og greiningu stutt erindi um vímuefnaneyslu framhaldsskólanemenda. Fyrirtækið hefur um árabíl gert viðamiklar kannanir á högum og líðan ungs fólks. Jón sagði m.a. frá athyglisverðum niðurstöðum sem sýna að neysla unglunga á Suðurnesjum er á flestum sviðum undir landsmeðaltali. Ösp Birgisdóttir var kjörin formaður foreldrafélagsins.

Kristján skólameistari og Guðlaug aðstoðarskólameistari fóru á fund á Selfossi með starfsfólki fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar ásamt stjórnendum grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla á Suðurnesja þar sem drög voru lögð að skólastefnu svæðisins auk þess sem skil á milli skólastiga voru rædd.

Vor 2013

Á sóknardögum kennara á vorönn hélt Ingvar Sigurgeirsson erindi um námsmat sem bar yfirskriftina „að meta á marga vegu“.

Stjórnendur skólans, ásamt sviðstjórum funduðu með nokkrum fyrrverandi nemendum skólans sem stunda nám við Háskóla Íslands og Háskóla Reykjavíkur í þeim tilgangi að kanna hvernig nemendum FS gengi að fóta sig í háskólanámi og hvernig hugsanlega mætti bæta undirbúning þess. Það kappsmál Fjölbrautaskóla Suðurnesja að undirbúa nemendur sína sem best undir frekara nám og störf.

Afrakstur þróunarstarfsins „FS skemmtilegri skóli“ var kynntur á málþingi á sal skólans á vordögum og þótti gefa fyrirheit um að góður skóli gæti hæglega orðið enn betri.

4. Gjafir og styrkir

Á vorönn fékk rafiðnadeild nokkrar góðar gjafir. Rönning færði deildinni sjálfvör af öllum stærðum og rennur. Trúlega dugar þetta deildinni til nokkurra ára en þessi gjöf er um 200.000 kr. virði. Ískraft færði rafiðnadeildinni einnig gjafir að verðmæti 200.000 kr. en það voru tvær iðnstýrivélar og tíðnibreytir. Þá hefur Rafiðnaðarfélag Suðurnesja tilkynnt um 400.000 kr. gjöf sem rafiðnadeildin mun nýta til að kaupa tæki og búnað. Þá fékk vélstjórnabrotin góðar gjafir. Hún fékk 2 milljónir frá Vélstjórafélagi Suðurnesja til kaupa á ýmsum kennslubúnaði, tvö vaktkerfi frá öryggismiðstöðinni, ýmsa vélahlut frá Nesfisk og gervifót frá Össuri á hulsuna sem drengirnir okkar smíðuðu í Boxinu árið 2011.

Í lok janúar voru veittir átta styrkir til bókakaupa úr Minningarsjóði Gísla Torfasonar. Styrkir úr sjóðnum eru veittir þeim sem eiga við fjárhags erfiðleika að etja.

5. Nýjungar

5.1. Skyldustöð

Á haustönn var gerð tilraun með breytingu á svokölluðu stoðkerfi skólans; allir nemendur í 193 og 102 áföngum í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði mættu þá í 40 mínútna kennslu í stoði aðra hverja viku. Annars er nemendum í sjálfsvald sett hvenær þeir mæta í stoð og hve oft en með þessari breytingu var ætlunin að koma til móts við þá nemendur sem þyrftu meiri kennslu.

5.2. Opið hús – námskynning

Mánudaginn 11. mars var bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Óhætt er að segja að þessi tilraun hafi tekist vel og fjöldi gesta leit við og kynnti sér skólann og námsframboð hér. Miðað við þessar viðtökur er ekki við öðru að búast en að aftur verði boðið upp á opið hús á næsta ári.

5.3. FS - Skemmtilegri skóli

Síðast liðna tvo vetur hefur hópur kennara unnið að þróunarverkefni undir heitinu „FS - skemmtilegri skóli“. Þar hafa kennarar prófað ýmsar nýjungar í kennslu og haldið reglulega fundi og borið saman bækur sínar. Í lok vorannar hélt hópurinn svo málþing þar sem verkefnin og niðurstöður þeirra var kynnt. Helsti hvatamaður verkefnisins var Guðmundur Grétar Karlsson, efnafræðikennari og hefur hann einnig haft umsjón með því en faglegur ráðgjafi var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Lokaskýrsla verkefnisins má finna í kafla 12.

5.4. Afreksíþróttalína

Á vorönn hóf fyrsti hópur nemenda þátttöku á afreksíþróttalínu sem skólinn býður nú upp á. Í fyrstu tilraun náðist í hóp í knattspyrnu og fór verkefnið vel af stað en 20 nemendur tóku þátt. Afreksíþróttalína skólans er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Hópurinn hittist fyrst á morgnana fjóra daga vikunnar en byrjar svo í hefðbundnum kennslustundum kl. 10:00. Afreksíþróttalínan verður áfram í boði næsta vetur og þá vonandi í fleiri íþróttagreinum.

5.5. Evrópskt æfingaping

Undanfarin ár hafa nemendur okkar sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starf Evrópuþingsins þó þáttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtogþjálfun fyrir ungt fólk. Í vor hélt Fjölbrautaskóli Suðurnesja þingið og komu um 60 nemendur frá 12 löndum á það. Þátttakendur voru mjög ánægðir með þingið og að kynna Íslandi. Umsjónarmaður þessa verkefnis hefur verið Ægir Karl Ægisson.

5.6. Nám er vinnandi vegur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók í vetur þátt í verkefninu Nám er vinnandi vegur en það er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar. Teknir voru inn í skólann 153 nemendur sem ella hefðu ekki fengið skólavist. Sérstaklega var fylgst með mætingum og ástundun þessara nemenda og hafði Sesselja námsráðgjafi umsjón með verkefninu. Skýrsla Sesselju er að finna í kafla 11.

5.7. FS – Heilsueflandi framhaldsskóli – Hollusta og heilbrigði

Skólinn er þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins um heilsueflandi framhaldsskóla en það er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Þetta ár var annað árið í verkefninu og var áherslan lögð á hreyfingu. Verkefnið hófst formlega með göngudegi í september þar sem nemendur og starfsfólk fóru í þriggja tíma göngu og nutu útivistar. Skólinn tók þátt í Lífshlaupinu og sigraði í hópi stærstu skólanna. Starfsfólk skólans tók einnig þátt í Lífshlaupinu í flokki fyrirtækja. Skólinn bauð upp á mjög fjölbreytta valáfanga í íþróttum þar sem reynt var að koma til móts við ólík áhugasvið nemenda. Meðal þess sem boðið hefur verið upp á í vetur er blak, badminton, ganga, sund og þrekæfingar svo eitthvað sé nefnt. Nemendafélagið stóð fyrir ýmsum viðburðum s.s. fótboldamóti auk skíðaferðar þar sem þátttaka var mjög góð. Skólinn, í samvinnu við nemendafélagið, bauð líkamsræktarstöðvum á svæðinu að koma í skólann og kynna starfsemi sína. Á vorönninni var afreksíþróttalína endurvakin við skólann þar sem boðið var upp á fótbolta. Stefnt er að því að bjóða upp á fleiri íþróttagreinir næsta haust. Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli er ekki hugsað sem átak heldur breyting á lífsstíl.

5.8. Skimun fyrir brottfalli

Í febrúar var könnun til að skima fyrir brottfalli lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðneytisins, var lögð fyrir í þremur framhaldsskólum í tilraunaskyni. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru, samkvæmt könnun, í mestri brottfallshættu og ræddu málin við þá. Vonandi verður framhald á þessu starfi enda er brottfall eitt helsta vandamálið í íslenskum framhaldsskólum.

5.9. Valfög fyrir grunnskólanemendur

Að þessu sinni var í boði þrjú valfög fyrir nemendur í grunnskólanum, ensku, stærðfræði og rafmagnsfræði. Valfögin gengu vel og voru vel sótt en að venju skiptu skólinn og grunnskólarnir kostnaðinum á milli sín.



Lagt af stað á Göngudegi, september 2012.

6. Ýmsar uppákomur

6.1. Busavígsla

Busavígsla var haldin fimmtudaginn 30. ágúst. Vígslan fór fram með hefðbundnu sniði, busarnir voru merktir um morguninn og þeim settar ákveðnar umgengnisreglur. Leikurinn barst svo út á skólalóðina en þar aðstoðaði Slökkvilið bæjarins við að baða busana. Eftir þrautagönguna töldust þeir komnir í eldri nemenda tölu. Í lokin var síðan boðið upp á pizzu og gos. Um kvöldið var heljarmikið ball haldið í Stapa. Fór það vel fram og var ekki annað að sjá en allir skemmtu sér hið besta og hefðu sloppið tiltölulega heilir frá þessu öllu saman.

6.2. Göngudagur

Þann 19. september héldu nemendur og starfsfólk skólans af stað í göngu. Að þessu sinni var gengið innanbæjar enda ekki úr vegi að kynnast fallegum gönguleiðum í næsta nágrenni. Gengið var inn í Njarðvík og þaðan var síðan gengið eftir göngustígnum með ströndinni. Þar var gengið meðfram spegilsléttum sjónum og ótrúlegu útsýni yfir fjöllin handan flóans. Það er rétt að mæla sérstaklega með göngustígnum meðfram strandlengjunni enda er þetta skemmtileg leið og ekki skemmir fyrir að búið er að koma þar upp upplýsingaskiltum með fróðleik um staðhætti og náttúru. Endastöðin var að þessu sinni við Duus-hús við smábátahöfnina í Keflavík. Þar var boðið upp á brauðmeti, ávexti, safu og vatni enda tekur skólinn þátt í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli. Göngudagurinn markaði upphafið að starfi vetrarins sem var helgað hreyfingu.

6.3. Gróðursetning

Skömmu eftir göngudaginn var hin hefðbundna gróðursetningu væntanlegra útskriftarnemenda. Að venju var góð stemmning í hópnum enda hefð fyrir því að boðið er upp á sælgæti og gos í boði skólameistara. Farið var að Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík en þar á skólinn skika þar sem útskriftarhópar gróðursetja plöntur til minningar um veru sína í skólanum. Að þessu sinni var veðrið frekar blautt. Skógræktarfélagið vann af krafti og margar hendur unnu létt verk við að koma plöntunum ofan í jörðina. Svæðinu sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Þeir nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár og er búið að gróðursetja mikið af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.

6.4. FS í sjónvarpinu

Nemendur okkar komu m.a. fram í Landanum í Ríkissjónvarpinu en í þættinum 21. október var fjallað um vélstjórnardeild skólans. Þar var rætt við Ívar Valbergsson vélstjórnarkennara og sagt frá notkun vélaherma í kennslu í vélstjórn. Í vélahermunum fá nemendur að kynnst venjulegu vélarúmi og upplifa allt sem þar getur komið upp á. Þá sagði Ívar frá því hvernig hann tekur upp kennslumyndbönd sem nemendur geta horft á hvenær sem þeir vilja en kennslustundirnar eru þá nýttar í verklega kennslu og aðstoð við nemendur. Í þættinum var einnig rætt við nemendur sem kunnu greinilega vel að meta þessar nýju kennsluaðferðir.

6.5. Forvarnardagurinn

Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti skólann þann 31. október ásamt eiginkonu sinni, Frú Dorrit Moussaief. Tilefni heimsóknarinnar var Forvarnardagurinn en forsetahjónin eyddu deginum á Suðurnesjum og heimsóttu einnig Myllubakkaskóla og Grunnskólann í Sandgerði. Með í för var Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, en Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Forsetinn ávarpaði nemendur og starfsfólk skólans á sal og ræddi þar sérstaklega um mikilvægi þess að halda sig frá áfengi og vímuefnum á unglingsárunum. Þá afhenti forsetinn viðurkenningar í framhaldsskólakeppni Lífshlaupsins. Þar var um að ræða innanskólakeppni milli sveitarfélaga en þar báru Garðbúar sigur úr bítum. Að lokinni dagskrá á sal þáðu gestirnir veitingar á kennarastofu og ræddu við kennara og starfsmenn.

6.6. Ferðalög nemenda

Nemendur okkar eru duglegir við að heimsæja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra. Nemendur í íslensku 503 skruppu með kennurum sínum á slóðir skáldsögunnar Vögguvísu í miðborg Reykjavíkur og litu inn á Kjarvalsstaði í leiðinni. Nemendur í leiklist heimsóttu Þjóðleikhúsið og fylgdust með æfingu á Jónsmessunótt eftir Hávar Sigurjónsson í leikstjórn Hörpu Arnardóttur.

Fimm nemendur og fjórir kennarar af starfsbraut fóru til Finnlands í mars að skoða starfsnámsskóla. Ferðin tók tvær vikur og var styrkt af Leonardo da Vinci- sjóðnum.

6.7. Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 20. - 22. febrúar; að þessu sinni undir yfirskriftinni *Matur – Menning - Hreyfing*. Þar var boðið upp á fjölbreytt námskeið og fyrirlestra og var almenn ánægja með dagskrána. Þemadagarnir hafa verið með breyttu sniði undanfarið og geta nemendur sótt fleira atburði og hefur það mælst vel fyrir. Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins, fór fram tengslum við þemadagana og var haldin í Andrew's leikhúsinu á Ásbrú. Það var Melkorka Rós Hjartardóttir sem þar fór með sigur af hólmi en 9 atriði kepptu um sigurinn. Keppnin var glæsileg og húsfyllir af gestum skemmti sér vel.

6.8. Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 19. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 22. mars. Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu sex lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að appelsínugula liðið sigraði.

6.9. Dimmisio

Í lok hveftrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimmisio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimmisio haldið 30. nóvember en á vorönn xx. apríl. Útskriftarhópurinn byrjar yfirleitt nóttina áður með því að heimsækja nokkra kennara við mismikla hrifningu viðkomandi. Um morguninn er svo komið að dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimmisio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn langþrátt tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag.

6.10. Bleiki dagurinn

Föstudaginn 12. október var Bleiki dagurinn en hann er hluti af mánuði Bleiku slaufunnar, átaki Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum. Þennan dag var fólk hvatt til að klæðast bleiku og margir tóku þeirri áskorun í skólanum, bæði nemendur og starfsfólk. Reyndar var kvenþjóðin mun duglegri að taka þátt enda málefnið tengt konum og einhverjir karlmenn kannski átt í vandræðum með að finna eitthvað bleikt í fataskápnum.

6.11. Heimsóknir

Alltaf er einhver gestagangur í skólanum. Á vorönn komu hingað tveir kennarar frá Svíþjóð til að undirbúa Nordplus umsókn með okkar fólki. Ætlunin er svo að þróa saman svokallaða vendikennslu í löndunum tveimur. Nemendur úr Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík komu og kynntu tækninám fyrir nemendum okkar. Og svo voru auðvitað kosningar og frambjóðendur voru duglegir að líta við og ræða við kennara og nemendur um landsins gagn og nauðsynjar.

Á starfsbraut var mjög gestkvæmt á vorönn. Kennarar og nemendur frá starfsnámsskóla í Helsingi komu í apríl og sátu í kennslustundum í tvær vikur. Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór komu og kynntu starf sitt sem tónlistarmenn og tóku að sjálfsögðu lagið fyrir nemendur. Þá kom Jónína Leósdóttir rithöfundur og ræddi um bókina Upp á líf og dauða sem nemendur voru búnir að vinna með á önninni.

6.12. Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig að vanda vel í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna og spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur. Lið skólans stóðu sig með þryði í báðum þessum keppnum þó ekki enduðu þau í verðlaunasæti að þessu sinni. Í stærðfræðikeppni framhaldsskólanema varð einn nemandi skólans, Ríkharður Bjarni Einarsson, meðal 25 efstu á yngri stigi sem er mjög góður árangur. Á vorönn tók Hinrik Hafsteinsson þátt í Þýskupraut Félags þýskukennara og varð í 5. Sæti.

Í október var keppt í lífshlaupi ÍSÍ en þar bar skólinn sigur úr bítum í flokki framhaldsskóla með fleiri en 1000 nemendum. Nemendur og starfsfólk skólanna skráðu þá alla hreyfingu sína, hvort sem það var íþróttaiðkun, líkamsrækt, ganga, heimilisstörf eða annað. Niðurstöður keppinnar miðuðust svo við heildarhreyfingu í hverjum skóla miðað við fjölda nemenda og starfsmanna. Verðlaun voru svo afhent við hátíðlega athöfn og þar mættu fulltrúar nemenda ásamt skólameistara og umsjónarmanni hlaupsins í skólanum. Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ sem höfðar til allra aldurshópa. Landsmenn eru hvattir til þess að huga að sinni daglegri hreyfingu og auka hana eins og kostur er þ.e. í frítíma, heimilisverkum, vinnu, skóla og við val á ferðamáta.

Lið skólans stóð sig með þryði í Boxinu, framkvæmdakeppni framhaldsskólanna, en okkar menn voru eitt átta liða sem komust í úrslitakeppnina sem fór fram í Háskólanum í Reykjavík. Okkar piltar enduðu í 5. sæti og unnu eina þraut af fimm en það var þraut ÍAV. Þá fengu þeir verðlaun fyrir besta liðsandann í tveimur þrautum. Lið skólans skipuðu þeir Hafsteinn Fannar Barkarson, Björn Geir Másson, Ólafur Magnús Oddsson, Óskar Örn Óskarsson og Eyþór Eyjólfsson.

Nemendur skólans sendu tvö verkefni í Snilldarlausnir Marel þetta árið og unnu þau bæði til verðlauna. Tvö af fjórum verðlaunum í keppninni runnu því til okkar nemenda, bæði aðalverðlaunin fyrir Snilldarlausn ársins og verðlaun fyrir þá hugmynd sem þótti líklegust til framleiðslu. Aðalverðlaunin, sem Snilldarlausn Marel 2012, fengu þeir Gunnar Bragason og Hrannar Pálsson fyrir tölvuvagn. Þeir fengu farandbikarinn Skaparann og 75.000 kr. peningaverðlaun. Skaparann má sjá hér uppi í glerhorninu á annarri hæð. Verðlaun fyrir þá hugmynd sem þótti líklegust til framleiðslu fengu Halldór Jón Grétarsson, Theodór Már Guðmundsson og Þorgils Arnar Þórarinsson. Þeir fengu 50.000 kr. peningaverðlaun auk sérstakrar viðurkenningar frá Samtökum atvinnulífsins. Þeirra hugmynd er gardínuhljóðdeyfir.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum 8. mars og komu þá rúmlega 140 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt. Keppnin naut sem fyrr stuðnings Verkfræðistofu Suðurnesja og Íslandsbanka. Verðlaunaafhending fór síðan fram á sal skólans nokkru seinna. Ragnheiður Gunnarsdóttir sá um alla framkvæmd keppinnar eins og undanfarin ár.

Nemendur á starfsbraut tóku þátt í stuttmyndakeppni starfsbrauta framhaldsskólanna en framlag okkar fólks var áhrifamikil mynd um einelti og áhrif þess. Myndin varð í 3. sæti í keppninni sem er frábær árangur.



Sigurliðið í Starfshlaupi FS, mars 2013.

7. Skýrsla matsnefndar

Í sjálfsmatshópnum voru fjórir kennarar af ólíkum sviðum þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur og vann hópurnir að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni á haustönn 2012

1. Kennslumat þar sem u.þ.b. fjórðungur kennara er metinn. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir líkt og önnina áður og starfsmannaviðtöl fóru fram í kjölfarið.
2. Könnun á viðhorfi nemenda til mötuneytis skólans. Haustið 2012 kannaði matsnefnd Fjölbrotaskóla Suðurnesja nýtingu nemenda á mötuneyti skólans. Nýr rekstraraðili, Skólamatur ehf. tók við og er framboð á matvara í samræmi við áherslur sem tengjast verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Frá því að síðasta könnun var gerð hafa verið gerðar töluverðar breytingar á framboði matvöru í mötuneyti nemenda í þá átt að auka framboð á hollustuvörum og draga úr framboði á vöru sem telst óholl ss. gosdrykkjum, hefðbundnum skyndibitum og sætindum. Þá er matseðill vikunnar aðgengilegur á vef rekstraraðila www.skolamatur.is og þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um næringargildi máltíða. Hægt er að kaupa heitan mat í hádeginu auk þess sem hægt er að fá ýmsa kalda rétti eins og salat, brauðmeti og mjólkurvörur. Það sem sérstaklega þótti forvitnilegt að vita var hversu stór hluti nemenda kaupir sér heitan mat í hádeginu, hvernig þeim finnst hann, úrvalið, aðstaða, hreinlæti og verð á þeirri matvöru sem í boði er. Markmiðið með könnuninni var að athuga stöðu mötuneytismála í skólanum og hvort úrbóta væri þörf. Könnunin var gerð rafrænt. Spurningalisti var sendur út á 1629 netföng og svöruðu 165 nemendur allri könnuninni en 186 svöruðu að einhverju leyti. Spurt var um kyn, fæðingarár, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í mötuneytinu, hvernig þeim finnst maturinn, úrvalið, hreinlæti og aðstaða.

Könnun um viðhorf nemenda til Mötuneytisins. Úrbótaáætlun

Nemendur benda á að með heilsuáttakinu hafi óhollu vörurnar verið fjarlægðar en lítið komið í staðinn. Það mætti auka úrval á „heilsuvörum“ svo sem orkustöngum og heilsuþitum.

Þá mætti bæta umgengni og þrífnað í kringum samlokugrill nemenda í matsal með því að hafa tæki til þrífnaðar við hliðina á grillinu og skapa starfsþjálfunartækifæri fyrir nemendur/nemendafélagið við að halda grillinu hreinu.

Nemendur kvarta yfir verði á matvælum. Þar mætti koma á móts við þau með því að hafa „tilboð“ t.d vikulega eða reglulega á vörum eins og samloku og drykk eða ávaxtabakka og drykk.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2014. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Könnun um viðhorf til mötuneytis skólans var lögð fyrir nemendur. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni á vorönn 2013

1. Kennslumat. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir líkt og önnina áður og starfsmannaviðtöl fóru fram í kjölfarið. Kennslumat var lagt fyrir hjá 18 kennurum þessa önn og í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl.
2. Sameiginleg könnun á verkefninu Heilsueflandi skóli með FSu og FVA. Í samvinnu við Fjölbautaskólann á Akranesi og Fjölbautaskóla Suðurlands var lögð fyrir nemendur könnun á hreyfingu og geðrækt. Tengist þessi könnun verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli og var að þessu sinni spurt um geðvernd og lífsstíl. Skýrsla um þessa könnun er gerð í FVA.
3. Að þessu sinni var lögð fyrir nemendur í kjarnagreinum könnun er sneri að líðan þeirra í skólanum og var tilgangurinn að skima fyrir áhættuþáttum er tengjast brottfalli. Þetta er í fyrsta sinn sem þess háttar könnun er gerð í skólanum. Könnunin, sem var skrifleg, var lögð fyrir hópana 13. og 14. febrúar. Könnunin samanstóð af 20 spurningum og var lögð fyrir í B, C, D og E stuðli í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku og áföngum sem hafa áfanganúmerin 193 til 212 (Hópur 1). Einnig var könnunin lögð fyrir nemendur þriggja hópa í ensku 303 sem voru viðmiðunarhópur (Hópur 2). Tilgangurinn var að fá upplýsingar um hvort munur væri á líðan þessara nemenda. Alls fengust svör frá 412 nemendum. Niðurstöður voru slegnar inn í Excel og unnið úr þeim þar.

Könnun á líðan nemenda í grunnáföngum. Úrbótaáætlun

Þar sem könnun af þessu tagi hefur ekki verið gerð í Fjölbautaskóla Suðurnesja áður er samanburður við fyrri niðurstöður ekki mögulegur.

- Nemendum virðist í heildina líða vel í skólanum. Þó langar 20% til að hætta í skólanum en ekki var spurt af hverju það stafar. Það væri áhugavert að afla nánari upplýsinga um ástæður þessa í næstu könnun.
- Margir vilja skipta um skóla. Það væri áhugavert að fá nánari upplýsingar um ástæður þess í næstu könnun svo hægt sé að bregðast við.
- Um tíundi hluti nemenda segist hafa orðið vitni af einelti í skólanum. Gera þarf áætlun skólans um viðbrögð við einelti sýnilegri og ef til vill þarf að kynna hana betur fyrir nemendum svo þeir viti hvert þeir geti snúið sér ef þeir verða vitni af eða þolendur eineltis.
- Ríflega fimmtungur nemenda tekur ekki afstöðu til þess hvort aðgangur að námaráðgjöfum er góður. Það getur gefið til kynna að nemendur þekki ekki nægilega vel til þjónustu námsráðgjafa. Bæta má úr því með því að námsráðgjafar heimsæki nemendur í kennslustundir og kynni sig og þjónustu sína betur.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.



Frá Dimissio vorannar 2013.

8. Skýrslur sviðsstjóra

8.1. Málasvið

Eftirtaldir kenndu á málasviði

Danska: Rakel Linda Gunnarsdóttir og Rósa Sigurðardóttir deildar/fagstjóri, Simon Cramer Larsen.

Enska: Axel Sigurbjörnsson fagstjóri, Einar Arason, Elísabet Karlsdóttir, Ólöf Hildur Egilsdóttir, Sara Harðardóttir, Veska Andrea Jónsdóttir.

Franska: Jórunn Tómasdóttir

Íslenska: Anna Karlsdóttir Taylor, Einar Arason, Jórunn Tómasdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Hulda Egilsdóttir, Þorvaldur Sigurðsson fagstjóri, Þorsteinn G. Þorsteinsson.

Spænska: Einar Trausti Óskarsson og Ingibjörg Böðvarsdóttir

Pýska: Veska Andrea Jónsdóttir.

Þetta skólaárið leið hratt eins og önnur skemmtileg skólaár hér í FS. Hvað varðar störf máladeildar skólans, þá gengu þau vel að venju, kennarar deildarinnar skiluðu sínum störfum faglega bæði varðandi kennslu í sínum fögum og samskiptum við nemendur, enda ekki við öðru að búast þar sem meginþorri kennara deildarinnar hafa lengi verið við störf í deildinni. Kennararnir eru jákvæðir að skoða ný námsefni og betrubæta kunnáttu sína og kennslu.

Sviðsfundir voru haldnir að venju u.þ.b. einu sinni í mánuði. Á þeim fundum eru rædd hin ýmsu málefni, bæði faglega og persónulega og eru þessir fundir nauðsynlegir varðandi upplýsingagjöf og samræmi milli faga innan deildarinnar. Einnig er mjög gott að skiptast á hugmyndum varðandi kennslu og málefni nemenda (ekki einstaka þó) báru oftast en ekki á góma og ýmsar lausnir ræddar. Einnig eru þessir fundir kjörið tækifæri fyrir kennara til að koma hugmyndum og reynslu sinni á framfæri t.d. varðandi námskeiðssetu eða annars. Mikið var fjallað um þrískólasamstarfið þ.e. samstarf milli Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fjölbrautaskóla Akraness og Fjölbrautaskóla Suðurlands. Kennararnir telja að sameiginlegir fundir kennara skólanna t.d. annað hvert ár, þar sem fagkennarar hittast og ræða saman um fag sitt séu mjög gagnlegir og reynslan af slíkum fundi stl. vor var einmitt sú. Þá hittust kennarar skólanna þriggja og voru allir tungumálakennararnir mjög ánægðir að fá að hitta kollega sína og skiptast á hugmyndum og öðru fræðilegu öllum til gagns og ánægju. Athygli vekur þá slakt gengi nemenda í íslensku bæði í grunn og framhaldsáföngum. Rýnt hefur verið í hvað veldur þessu og m.a. rætt um að endurskoða námsefni og/eða hópasamsetningar. Þetta verður skoðað áfram og lausnir fundnar.

Mætingar nemenda eru einnig algengt umræðuefni og almennt var sammælt um að slakar mætingar endurspeglar í slöku gengi nemenda í áföngum. Aðeins hefur þó borið á því að nemendur séu meðvitaðir um sæti sitt í skólanum og að erfitt sé að komast að vegna fjölgunar nemenda og biðlista í skólann og þess vegna reynt að bæta sig í náminu og mætingu í kennslustundir.

Í máladeildinni var að venju lagt áhersla á kennslu orðaforða, framburðar, málfræði og þjálfum í færniþáttunum fjórum þ.e. lestri, hlustun, ritun og tali. Einnig er reynt eftir bestu getu að stuðla að menningarlausni nemenda og tíðrætt hversu mikilvægt er að koma á menningarmiðlun af ýmsum toga í tungumálakennsluna. Kennsluefni var mjög fjölbreytt að venju og kennarar iðnir við að finna ýmis konar kennsluefni til að auka fjölbreytni við að ná settum markmiðum. Til þess voru notaðar lesbækur, verkefnabækur, málfræðibækur, hlustunaræfingar, tónlist, sjónvarpsþættir, kvikmyndir, internetið, orðabækur, tölvur og ýmis önnur verkefni frá kennurum. Mikil áhersla hefur verið lögð á fjölbreytt námsmat í deildinni, að í námsmati sé jafnvægi og fjölbreytnin mikil og samsett af mörgum þáttum enda verið að meta margs konar færni, vinnusemi og vinnubrögð.

Að lokum vill fráfarandi sviðsstjóri þakka kærlega gott samstarf á liðnum árum og óskar öllum í FS velfarnaðar í starfi og leik.

Rakel Linda Gunnarsdóttir, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.



Íslenskunemendur í vettvangsferð í Reykjavík.

8.2. Raungreinasvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ásgeir Ólafur Pétursson	Nát123,Eðl103,Eðl203	30	24
Jón Gunnar Schram	Stæ202,Stæ122,Umf	24	30
Jóhanna Björnsdóttir	Stæ102,Stæ202,Stæ293,Stæ313,Stæ413	24	24
Björk Bergsdóttir	Stæ193,Stæ102,Stæ293,Stæ122,Stæ6A37	24	24
Ægir Sigurðsson	Nát113,Jar103,Kór103	30	24
Sigrún Eugenio Jónsd.	Stæ122,Stæ103,Stæ202,Stæ203		18
Ragnheiður Gunnarsdóttir	Stæ503,Stæ413,Stæ303,Stæ403	24	24
Haukur Ægisson	Nát103,Nát123,Líf103.Líf203	30	30
Harpa Kristín Einarsdóttir	Nát106,Líf103,Lan103,Líf113,Lok103	30	24
Guðmundur Grétar Karlsson	Efn103,Efn203,Efn303,Efn313,Lok103	32	24
Gunnlaugur Sigurðsson	Stæ103,Stæ403,Stæ503,Stæ523, Stæ603,Stæ703,Stæ543	30	30
Inga Lilja Eiríksdóttir	Stæ103Stæ203,Stæ313 (Fór í barneignarleyfi í sept)	24	
Torfi Gíslason	Stæ103Stæ203,Stæ313 (Leysti Ingu Lilju af til áramóta)	24	24
Ingigerður Sæmundsdóttir	StæT936,Stæ102	6	12
Valgeir Jens Guðmundsson	Stæ193,Stæ102,Stæ293	12	18
Sólveig Björk Granz	Hjú103,Hjv103,Sýk103,Hbf103, Hjú203,Sjú103	24	18
Ása V. Einarsdóttir	Hjú303,Hjú403,Sjú203,Lol203, Hjú503,Sam103,Lyf103	24	24

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

Á haustönn var kenndur nýr áfangi, LOK103 þar sem nemendur völdu sér rannsóknarefni, skipulögðu rannsókn, skrifuðu skýrslu (lokaritgerð) og héldu opinn fyrirlestur um efnið. Nemendur fengu einnig kennslu og kynningu á ýmsum þáttum sem gátu gagnast þeim við þessa vinnu.

Á vorönn var sú nýbreytni í NÁT103, LÍF103 og LAN103 að nemendur settu sér markmið (einkunn) og skrifuðu væntingar til áfangans og hvernig þau ætlaðu að ná markmiðinu. Kom vel út og nemendur virkari en áður.

Nýr áfangi í stærðfræði var kenndur á vorönn, Stæ543 sem er algebruáfangi. Þar er farið lengra og dýpra í ýmsa þætti algebrunnar s.s. hnitakerfið, hornaföll, diffrun o.fl. Námsmat var símat; 50% tímaverkefni, 40% heimaverkefni, 10% vinna í kennslustundum. Mesti fjöldi leyfðra fjarvista var 10. Áfangi þessi tókst vel í alla staði, þátttakendur voru 50 og luku allir.

Annað var hefðbundið.

Nýjar kennslubækur og –gögn

Útbúið var námsefni í stæ543

Námsmat

Í langflestum tilvikum lýkur áföngum með lokaprófi sem oftast gildir 60% á móti 40% vinnueinkunn.

Sviðsfundir

Sviðsfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði. Þar eru rædd fagleg málefni sviðsins og einstakra námsgreina. Stundum var sviðsfundum skipt upp í fagfundi ef eitthvað sérstakt lá fyrir. Auk þessu voru haldnir sérstakir fagfundir. Kennarar skiptust á um að sjá um veitingar á sviðsfundum og létti það lund margra.

Innkaup og fjárveitingar

Það helsta sem fjárfest var í voru tæki til eðlisfræðikennslu. Annars var allt hefðbundið í fjárútlátum og tengdist almennum rekstri deilda.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri raungreinasviðs, tók saman.

8.3. Samfélagssvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Andrés Þórarinn Eyjólfsson	ÍÞR1D1,ÍÞR1V1 ,ÍÞR1B1,ÍÞF232,ÍÞG162, ÍÞR2V1	30	24,75
Atli Þorsteinsson	SAG103,SAG203,	30	30
Bragi Einarsson	MYL223,MYL303,MYL603,MYL314,UTN103	30	26
Björn Sturlaugsson	UTN103, HÚS193	6	12
Einar Valgeir Arason	UPP103 , SIÐ112		10
Ellert Smári Kristbergsson	NET104, FOR203, FOR103, FOR143,VSH203, FOR303,LIN103	26	30
Elísabet Karlsdóttir	Sál103, SÁL213,SÁL303, UPP103	18	24
Friðjón Einarsson	SAF103, SAM113,	12	6
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAG103, SAG203, SAG303, SAG353, SAG363	30	30
Guðni Kjartansson	ÍÞR1B1,ÍÞR2v1,ÍÞR1V1, ÍÞR103	11	8,25
Guðrún Jóna Sigurðardóttir	FÉL103 , SAF203	18	24
Gunnar M. Jónsson	ÍÞR1V1,2V1,ÍÞR1B1,ÍÞF102,ÍÞG152, ÍÞR103	30	26,125
Gunnar B. Valdimarsson	HÚS193	6	
Hildur Skúladóttir	NET143, CNA103, WIN103,TÆK203	6	15
Hlynur Ómar Svavarsson	HAG103,HAG113,HAG213, VIÐ103, VIÐ133,VIÐ143,	30	30
Hörður Ragnarsson	BÓK103,BÓK203, BÓK303 , HAG103	18	12
Ingibjörg Böðvarsdóttir	FOH193,LIM103, MYS203	12	6
Ingigerður Sæmundsdóttir	FÆRF96, FÆRT936	12	12
Íris Jónsdóttir	MYL233,SJL103, SJL203,MYL103,MYL213, MYN103, MYN113	18	24
Jóna Guðrún Sigurðardóttir	LKN103,LEK103	24	0
Kolbrún Marelsdóttir	LKN103, LKNF93,LKNT93, FÆR935 , FÆRT93	30	30
Kristjana H. Gunnarsdóttir	ÍÞR1D1,ÍÞR1V1,ÍÞR2V1, ÍÞR102,ÍÞR1S1,	17	9,5
Pétur Brynjarsson	SAG103	6	
Rakel Linda Gunnarsdóttir	LKN103		6
Rósa Guðmundsdóttir	VSH103, UST303, HUV203, ,UST103 HUV103,UST203,WIN103	24	21
Sara Ross Bjarnadóttir	MYN103, MHL103	12	0
Sigrún E.Jónsdóttir	BÓK103, BÓK213	18	12
Valgeir J. Guðmundsson	TUS193, TÆK101, GSÖ102, UST403, GSÖ202	12	10
Þorbjörg Garðarsdóttir	UTNF936, UTN203,UTNT93,FÆRF93, UTN103	24	18
Þórunn Friðriksdóttir	FÉL 103,FÉL203,FÉL313, FÉL333	24	18
Ægír Karl Ægisson	SÁL203,UPP203,HES203,SÁL213	18	12
Ægír Sigurðsson	KOR103	6	0
	Samtals kennt á sviðinu	558	486,625 kst

Meðtaldir eru tímar á Löggæslu- og björgunarbraut á Ferðapjónustubraut.

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

Færni-hópurinn stofnaði Facebook hóp og sendi nemendum upplestur fyrir tíma og greinar sem síðan var rætt um í tímum. Nemendur voru æfðir í að standa fyrir máli sínu með umræðum. Mikið var unnið með hugtakakort. Nemendum var bent á rafbækur til að setja í síma, tölvur eða ípad. Kennari var mikið í samskiptum við nemendur á Facebook og þar var rætt fram og til baka um lífið og tilveruna.

FÉL103 fékk nýjan kennara sem ekki hafði unnið á Moodle áður og þurfti að koma sér inn í það. Sá kennari komst upp á lagið og setti þar inn glærur og fl. og stundum vikuplan. Kennari notaði mikið stutt myndbönd af neti sem tengdust námsefni- finnst vanta meira efni á íslensku eða með texta á íslensku. Tónlist, stuttar greinar og myndbönd voru stór hluti af kennslunni. Mikið um stutt hópverkefni þar sem reyndi mikið á röksemdarfærslu.

FÉL313. Var nýr áfangi, mannfræði. Bókin sem notuð var heitir Mannfræði fyrir byrjendur (ljósrit). Öll verkefni þar að leiðandi ný m.a. gerðu nemendur 300 orða útdrátt eftir minni úr BA/MA ritgerðum í mannfræði og sögðu svo frá því helsta.

FÉL333- afbrotufræði. Byrjaði með fréttavaktina, nemendur fylgdust með afbrotufréttum í viku hver, skrá það og tengja námsefni og segja svo hinum frá. Ritgerð gerð með leiðsagnarmati þar sem nemendur skila alls þrisvar og fara eftir leiðbeiningum kennara til að bæta ritgerðina á milli skila. Innihald í ferilmöppu í sífelldri endurskoðun.

LKN1035 og 1036. Þetta árið var kynjafræði bætt við í lífsleikni og fjármálaverkefninu var breytt þannig að nemendur þurftu að vinna sjálfstæðar og kenna öðrum nemendum í sínum hóp. Á Facebook voru stofnaðir leynilegir leshópar fyrir hvern lífsleiknihóp og síðan var stöðið nýtt til að aðstoða nemendur í erfiðleikum.

LEK103. Nemendur bjuggu til handrit að leikriti og æfðu það síðan. Einnig stofnaður Facebook hópur fyrir hópinn.

NÆR103. Kennari notaði próf í Moodle í fyrsta sinn og fannst það gefast vel

SAF203. Samfélagsfræði, fyrir nemendur á Löggæslu- og björgunarbraut. Áfanginn hafði eingöngu verið í boði einu sinni áður undir umsjá kennara sem starfar ekki lengur við skólann og því ekki hefð komin á áfangann né námsefni. Nemendur voru 8 talsins. Ég leyfði nemendum að hafa mikil áhrif á hvað tekið var fyrir í kennslustundum áfangans. Við upphaf annar og svo reglulega út önnina skráði ég niður uppástungur nemenda og vann svo kennsluefni og verkefni út frá þeim. Nemendur voru einkum áhugasamir um stríð og tókum við góðan tíma í heimstyrjaldirnar tvær. Einnig tókum við fyrir N-Kóreu í seinni hluta annar að beiðni nemenda sem höfðu mikinn áhuga á að kynna sér landið eftir fréttáflutning vetrarins. Ég bar einnig undir þá hvort þeim litist vel á að skoða umræðu um byssueign í Bandaríkjunum og féll það í góðan jarðveg. Við eyddum góðum tíma í þá umræðu útfrá sögu,

siðfræði og félagsfræði. Nemendur horfðu á Bowling for Columbine og unnu verkefni út frá því. Í tilefni komandi kosninga tók ég einnig stjórnsmál fyrir í nokkrar kennslustundir.

Nemendur héldu þrjár kynningar yfir önnina þar sem þeir fengu að velja sér efni, innan ákveðins ramma, til að vinna með. Þeir unnu ýmis minni verkefni í kennslustund og skiluðu að lokum ritgerð um efni að eigin vali. Ekki var um neitt kennsluefni að ræða fyrir áfangann og fann ég það til sem og aðstoðaði nemendur við að afla sér heimilda í kennslustund. Nemendur fengu, eins og áður kemur fram, að móta efnisvalið að mestu leyti sem gaf góða raun. Umræður voru gjarnan líflegar og skemmtilegar og nemendur virkir

Saga. Í einum hóp var kennari að prófa sig áfram í jafningjamati í tengslum við námskeið í starfendarannsókn sem kennari tók þátt í. Fannst það gefast vel, nemendur gerðu matið af ábyrgð og þetta varð líka til þess að kennari skilgreindi betur hvað væri metið í viðkomandi verkefni. Mun halda áfram með jafningjamat. Annar kennari gerði tilraunir með breytt fyrirkomulag, aðgangsstýringu á Moodle þar sem nemendur komast ekki áfram nema þeir hafi staðist ákveðin verkefni og hlutamat. Nemendur voru því á misjöfnum stað í námsefni og kennari gekk milli hópvinnumborða í tímum og aðstoðaði eftir þörfum. Kennslustundir mest notaðar til verkefnavinnu en nemendur áttu að hlusta á fyrirlesta og lesa heima. Gafst þetta vel og verður unnið áfram með þróun á þessu næsta vetur. Dró þessi aðferð úr brottfalli úr sögu og náðu fleiri nemendur áfanganum.

SÁL103. Tekið upp á því að láta nemendur skila vinnumöppum fyrir hvert kaflapróf til að fá þau til að vinna jafnt og þétt alla önnina og til að ganga betur á prófum. Reyndist það vel. Sífelld endurskoðun á verkefnum í möppu.

SÁL203. Þar var gert rannsóknarskýrsluverkefni í fyrsta sinn. Sýndarrannsókn var skipulögð og nemendur gerðu síðan alvöru skýrslu út frá þessari mögulegu tilraun. Facebook var notuð til upplýsingagjafar og að nokkru til samskipta.

SÁL213. Nemendum bent á App til að hlaða í símana sína um heilann og byggingu hans. Flestir notuðu þetta mikið. Bætt við kröfu um ritrýnda enska grein fyrir skýrslu.

SÁL303 enn unnið með að bæta enskufærni í faginu og urðu nemendur að vitna í ritrýnda enska grein eða greinar í ritgerðum sínum. Fannst mörgum það erfitt en aðrir voru fljótir að komast upp á lag við það og urðu vel færir í að lesa alvöru greinar á netinu.

SIÐ112. Frekari útfærsla á verkefnum bæði íhugun á birtingu í verki og almennri kynningu á siðfræði og siðareglum.

UPP203. Facebook notuð til upplýsingagjafar og að nokkru til samskipta.

Tölvugreinar

Í **FOR103** var Java kennt í stað C#. Bókin sem notuð var : Forritun í Java 1e eftir Ragnar Geir Brynjólfsson. Gafst hún vel, sérstaklega fyrir þá sem eru á stúdentsbraut og ætla í H.Í. Því þar er Java kennt sem byrjunaráfangi. **NET104**- kenndi efnið sem á að kenna í CNA 103 auk sums af því sem kennt er í CNA 203 (það sem yfirleitt þykir erfitt). **GSÖ**- þar var notast við bókina „Gagnasafnsfræði“ sem reyndist ágætlega. Hún er miðlungs erfið en fæstir lentu í vandræðum **HUV203** – Heimasíðuuppsetning með Joomla var nýr áfangi. Framhald af fyrri áfanga en núna er stuðst við vefumsjónarkerfið Joomla. Nemendur læra á eiginleika kerfisins og vinna mismunandi verkefni tengd fyrirtækjavefsíðum. Lokaverkefni áfangans eru unnin í samvinnu við fyrirtæki. Afrakstur má sjá á fire.is (setja á undan nöfn nemenda: nana, petur, haldfdan, elias,arnor, siggi. **UST203 og 303**. Nýir áfangar sem kenna uppsetningu á tölvum, netþjónum, stýrikerfum og forritun með VirtualBox og einnig án. **HUV103**. Heimasíðugerð og myndvinnsla- nýr áfangi sem er á Tölvuþjónustubraut. Kenndir voru undirstöðupættir í vefsíðugerð og myndvinnslu. Nemendur kynntust notkun á vefumsjónarkerfum eins og Wordpress, Wix og Google sites ásamt því að læra undirstöðuatriði myndvinnslu fyrir vefi. Í lok áfangans eru nemendur færir um að setja upp litlar vefsíður fyrir fyrirtæki og sjálfa sig. **VSH103** Nýr áfangi, heimasíðugerð og myndvinnsla. Áfangi á Tölvufræðibraut. Undirstöðuatriði HTML og CSS skoðuð. Grunnur myndvinnslu í Photoshop ásamt myndvinnslu fyrir vef. Vefumsjónarkerfin Wordpress, Wix og Google sites skoðuð og mismunandi vefsíður settar upp samkvæmt forskrift kennara. Í lok áfangans eru nemendur færir um að setja upp einfaldar vefsíður í vefumsjónarkerfi og einnig með HTML.

Worldpress server var settur upp af Rósu Guðmunds og notaður af nemendum. Einnig hafa aðrir kennarar nýtt hann til að láta nemendur vinna verkefni á: LOK 103, SJU 203, LAN 103, VSH103, HAV103 hafa nýtt sér þetta kerfi. (wp.fss.is)

Námsmat

Fjölbreytt námsmat er á samfélagssviði en hér er listi yfir þær námsmatsgerðir sem notaðar eru á sviðinu: Ferilmappa, heimildaritgerð, hópverkefni, kaflapróf, lestékk einstaklings(velja rétt svar), lokapróf, munnleg próf, mætingar,rannsóknarskýrslur, ritgerðir, símat, sjálfsmat, umræðupátttaka, verkefnavinna, verkleg próf, verkþáttapróf, vetrareinkunn og lokaverkefni, viðhorf og vinnusemi.

Andapóstur

Sviðstjórar sáu um að setja saman Andapóst eins og venjulega en það er fréttablaði innan skólans sem kemur út á hverjum fimmtudegi á kennsluvikum.

Sviðsfundir

Sviðsfundir voru 5 á haustönn og 5 á vorönn. Fyrsti fundur annar er alltaf í byrjun annar og síðan er 1 sviðsfundur á mánuði þar sem sviðstjóri fundar með öllum kennurum á sínu sviði.

Á fyrsta fundi annar er alltaf farið í það sama; að gera viðtalstímatöfluna, stoðtöfluna og farið yfir fjárhagsáætlun og kannað hvort kennurum vanti kennaraeintök af námsefni. Á haustönn tók ég svo á móti fjórum nýjum kennurum, setti þá inn í starfið, kynnti þeim ýmis praktísk atriði (höfum gátlista), afhenti þeim kennarahandbókina og seinna á önninni fór ég síðan í heimsókn til þeirra í kennslustund til að sjá hvernig gengi. Sviðstjóri er þeim síðan innan handar þegar þurfa þykir.

Fastir liðir á sviðsfundum.

Rætt um fasta liði eins og hvernig önnin byrjar, innkaup, kennsluáætlanir, bókalista, brottfall nemenda, aðstoð við val nemenda, áfanga í boði, Innu, tölvuvagna, námsmat, miðannamat, próf og prófaundirbúning, samráð á yfirferð, útkomu úr prófum og fleira. Einnig rætt um busun og hvort ekki megi gera hana notalegri en nú er. Bæði var beðið um skammtíma og langtímaáætlanir fyrir fjárhagsáætlun og okkur uppálagt að spara enn einu sinni, t.d. fækka ferðum utan skólans og draga úr gestafyrirlestrum. Nú er svo komið að lítið er um gestafyrirlestra nema í Lífsleikni og Færni og nemendur borga sjálfir hluta af rútukostnaði. Og að sjálfsgöðu var gerð áætlun um hverjir koma með veitingar á sviðsfundi eins og áður. Ný aðferð var notuð til að fá kennara til að setja inn áfanga í boði og bókalista, Guðmann sendi til allra lista með öllum áföngum og svo var merkt við hvað ætti að ver og einnig sendi hann bókalista miðað við síðasta lista fyrir áfangana og kennarar merktu við ef sama námsefni var notað og bættu aðeins nýju efni við.

Heilsueflandi skóli

hélt áfram, nú var það hreyfing sem lögð var áhersla á. Göngudagur var á dagskrá á haustönn og fengnar hugmyndir um hvernig auka mætti hreyfingu bæði nemenda og kennara.

Brottfall og líðan nemenda

Mikið var rætt um brottfall á þessu ári eins og árinu á undan og ýmislegt reynt til að sporna við því. Sér netfang námsráðgjafa var tekið í notkun namsradgjafar@fss.is og kennarar beðnir að senda þangað beiðnir, upplýsingar og fl. Enn var rætt um líðan nemenda og nauðsyn þess að þeim liði vel í skólanum og komu margar hugmyndir fram um hvað mætti gera, t.d. að hafa opna tíma í sundi eða íþróttahöll eða opna kennslustofu að kvöldi þar sem nemendur gætu komið og hist óformlega. Hafa skólann hlýlegri með t.d. sófum/bekkjum hér og þar og myndum úr skólalífinu. Hafa sjálfstyrkingu fyrir nemendur og veita innflytjendum liðveislu/vinatengsl. Í þessu sambandi var líka rætt um markmið skólans og skólastarfs almennt. Kennarar eru áhugasamir og fullir af vilja til að gera góðan skóla betri. Einnig rætt um hvort væri betra væri fyrir umsjónarkennara að hitta foreldra nýnema á foreldrafundi í byrjun árs eða hringja í þá til að kynna sig eða senda netpóst til að liðka fyrir samskiptum. Deildar meiningar urðu um þetta en á foreldrafundi komu ekki margir til að spjalla við umsjónarkennara sinna barna.

Myndataka og símar í kennslustundum

Nokkuð kom það til umræðu á sviðsfundum hvernig bregðast ætti við því að nemendur okkar eru sumir farnir að taka myndir af kennurum í tíma og ótíma og birta þær svo á Facebook eða öðrum samskiptavefjum. Þótti kennurum þetta óþægilegt. Talað um að við þyrftum að ræða við nemendur um persónuvernd og fleira og reyna að tala við nemendur um að birta ekki myndir opinberlega án samþykkis viðkomandi. Einnig rætt um að semja við nemendur um að vera ekki með síma í kennslustundum nema þegar þeir notuðu þá í tengslum við námið. Einnig biðja nemendur um að slökkva á farsímum þegar unnið væri með tölvuvagna, netið gæti ekki annað þessu öllu.

Stoðið

Nokkrir kennarar á sviðinu vildu prófa að hafa sameiginlegt stoð, vera 3-4 í sömu kennslustofu með stoðið. Þá væri stofan eins og námsver. Gekk þetta vel og gerðu nokkrir þetta báðar annirnar.

Samstarf við grunnskóla

Í lok vorannarvar haldinn samstarfsfundur kennara í grunnskóla og framhaldsskóla sem kenndu grunnfögin fjögur. Upplýsingar af þeim fundi verða trúlega kynntar næsta haust.

Þemadagar

Einn kennari af hverju sviði skipaður í þemanefnd sem Ægir Karl hafði umsjón með en nemendur hafa að sjálfsögðu sína fulltrúa í nefndinni líka. Þemadagar voru síðan á vorönn, voru þeir þrír og þóttu þeir takast vel.

Þróunarvinna

Nokkrir kennarar af sviðinu tóku áfram þátt í þróunarvinnu með þróunarteyminu, t.d. sögukennari sem gerði breytingar með notkun Moodle og fl. (Sjá nýngar á árinu). Einnig var rætt um Moodle kennslu og þótti kennurum að aðstoðarfólk okkar á Moodle væru jákvæð og þægileg og vildu allt fyrir okkur gera. Gott væri að hafa bæði fasta tíma til að læra á Moodle og líka tíma þegar þörf væri á fyrir hvern og einn.

Innkaup og fjárveitingar

Mjög venjuleg innkaup, bækur, plakatappír og fleira. LKN fékk gestafyrirlesara eins og venjulega og einnig fékk Færnihópurinn gesti og farið var í vettvangsferðir í íþróttum og eins í hagfræði. Við vorum beðin um að spara og stóðum okkur vel í því.

Tölvur og tölvuvagnar

Oft var rætt um tölvur og tölvuvagna á sviðsfundum. Þykir kennurum almennt erfitt að nota tölvuvagnana því svo langan tíma tekur oft að ræsa tölvurnar. Sífelld verið að benda á að minna nemendur á að logga sig út og slökkva á tölvunum. Einn vagninn er þar að auki illmeðfærilegur því erfitt að stýra honum.

Ýmis umræðuefni á sviðsfundum

Auk alls þessa var ýmislegt annað sem kom til umræðu á sviðsfundum t.d. app nemendafélagsins til að láta nemendur vita ef kennarar voru forfallaðir, fast stoð sem tekið var upp í grunnáföngum, ímynd skólans, brottvísun nemenda úr tímum, erfiðir nemendur, geymslu opinberra gagna, slysatilkynningar, sagt frá viðurkenningum og gjöfum sem skólinn fær, busun og leyfi nemenda til að segja nei, líðan í starfi, læsi og fleiri lykilhugtök menntunar auk þess sem sviðsfundir voru oft notaðir til að koma tilkynningum og boðum milli stjórnenda og kennara og öflugt.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.



Frá heimsókn Forseta Íslands, október 2012.

8.4. Tæknisvið

Kennarar og kennsluskipting

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Katrín Sigurðardóttir	THL 103-THL 203-THL 113- THL 136-HÖN 103	24	24
Björn Sturlaugsson	GRT 193, 293- GRT 103- GRT 203- TEH 103, 203- HÚS 193- UTN 103 (samlita áfangar kenndir í sama tíma)	30	27
Íris Jónsdóttir	Haut: SJL-103, SJL-203, MYL-233, ITH-103 Vor: MYN-103, MYN-113, MYL-103, MYL-213, ITH-203	24	30
Ásdís Björk Pálmadóttir	Haut: HGR-203, PEM-102, BLS- 101, HPS-101, ITH-103, KLP-103 Vor; HGR-203,PEM-202 KLP-202, BLS-201, HPS-101, ITH-203,	24	24
Hildur Skúladóttir	Haut: TNT-102,TNT-303, LÝS- 103,STR-102,RAL-102, NET-143 Vor: TNT-202,TNT-303, TÆK-203,CNA-203, WIN-103 (á móti Rósu Guðmunds)	30	25
Bragi Einarsson	Haut: MYL 223, MYL 603, UTN103 – 3 hópar Vor: UTN103 – 2 hópar, TÖL6S3, MYL303, MYL314	30	28
Ólafur Baldvin Sigurðsson	Haut: RAM103,RTM202,VGR103, RAM303,VSM203 Vor: RAM403,RAM203,RTM102, RTM302,VGR202,VGR402	28	28
Bryndís Knútsdóttir	Haut: TÁR 193 Vor: HÁR 193	6	6

Gunnar Valdimarsson	Haust: VTG106, TIH10A, ÚVH102, VRK103, HÚS193, HÚS5S1 Vor: INR106, INK102, GLU102, TRÉ109, VTS103, HÚS 6S1 SSM196	33	31
Jónas Eydal Ármannsson	Haust: SMÍ104, MOV193, VIS102, HSU203, EFM102. Vor: SMÍ 104, SMÍ204, MOV193, HVI193, VIR104	26	26
Ágúst Eiríksson	Haust: HSU202, HSU102 RSU102, VRK103, SUÐ193- 2Hópar, VKN1S1, MOV193 Vor: LSU102- 2 hópar, SUÐ193- 2 hópar, VIR104, MOV193, MOV6S1	34	29
Guðmundur Guðbjörnsson	RAF-113, RAF-253, RAF-353, RAF-453, RÖK-113, RAT-113, STÝ-113	21	23
Dagbjört Magnúsdóttir	THL 203-THL 136 (að hálfu)	0	12
Lárus Þór Pálmason	TTÖ 103, SJR 102	12	0
Garðar Þór Garðarsson	Haust: STR-302, STR-503, RAL- 704, RLT-102, FRL-203, RAM-502, RAM-702 Vor: STR-402, STR-603, RAF-193, FRL-103, RLT-202, RAM-602, RAL- 603, VLV-103	36	36
Björgvin Jónsson	Haust: RAL-303, RAL-503, RLT- 302, RER-103, RRV-103, RRV- 203, RRV-302 Vor: RAL-202, RAL-403, RRV- 203, VSM-103, STR-203, RAF-193	36	34

Nýjungar og breytingar á kennsluháttum á skólaárinu

Katrín: Ný verkefni í nýjum áfanga THL 113, en verkefnið var kallað „brainstorming“ nemendur fengu sitthvort verkefnið. Í svokölluðum hugflæðitímum þá lagði hver nemandi sitt verkefni fram og aðrir nemendur tjáðu sig um það og gáfu ráð og hugmyndir sem nemandinn gat nýtt sér ef hann kærði sig um.

Hildur Skúladóttir: Nýir áfangar sem ekki hafa verið kenndir áður CNA 203 og WIN 103

Bragi Einarsson: Nota Moodle meira á vorönninni undir skil og smáverkefni fyrir MYL-hópana. Gunnar Valdimarsson; SSM196 Áfangi í smíði fyrir nemendur úr fornámi til að auka og byggja undir sjálfstæð vinnubrögð og sjálfstæði nemenda. Unnið að smíðaverkefnum sem nýtast öðrum aðilum. Unnið í samstarfi við þrjá leikskóla, Heiðarsel, Garðasel og Tjarnasel

Ágúst Eiríksson: Nýr áfangi á starfsbraut VKS S12 sem er þjálfun á handverkfærum, algengustu mælitækjum og lesið úr einföldum vinnuteikningum í málmsmíði.

Ívar Valbergsson: Education I-pod og snjallsímar Flipp og fl.

Sýnikennsla, margmiðlun, tilraunir, verklegar æfingar, skýrslur og umræður.

Nýjar kennslubækur og –gögn

Hver kennari segir frá notkun nýrra kennslubóka og –gagna í sínum áföngum.

Bragi Einarsson: Þróun á kennsluvef Moodle fyrir UTN

Ólafur Baldvin Sigurðsson: Ný verkefnabók í RAM203 og RTM102

Ívar Valbergsson: I-pod snjallforrit o.fl. Danskar bækur í KÆL 122

Lárus Þór Pálmason: Nýtt tölvuforrit í tölvuteikningu AutoCad.

Námsmat

Hver kennari segir frá því hvernig námsmati er háttað í sínum áföngum.

Katrín: Símat, heimapróf, stærra próf í THL 103 í kennslustund.

Björn: Símat og kannanir/kaflapróf (misjafnt eftir áfanga)

Íris: Símat

Ásdís : Jafningjamat-símat-lokapróf gildir 60%

Bragi: Símat og jafningjamat á haustönn, símat og sjálfsmat á vorönn

Ólafur: Verkefnaskil og lokapróf. Í verkefna áföngum er símat.

Bryndís: Símat, jafningjamat.

Gunnar Valdimarsson: Símat og verkefni metin

Ágúst Eiríksson: Símat, Kannanir og lokapróf í próftöflu þar sem við á.

Garðar Þór Garðarsson: Verkefni nemenda, símat, lokapróf.

Björgvin Jónsson: Verkefni nemenda, símat, lokapróf.

Ívar Valbergsson:

30% Skýrslur og verkefni.

10% Raunmæting og virkni í tímum.

10% Skyndipróf.

50% lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Listi frá hverjum kennara yfir þau námskeið og ráðstefnur sem þeir sóttu á skólaárinu. Ef einhverjir sóttu engin námskeið eða ráðstefnur sleppa þeir þessum lið.

<u>Nafn kennara</u>	<u>Námskeið</u>
Katrín Sigurðardóttir	Þriggja daga námskeið í þrjónahönnun Flip námskeið spegluð kennsla Námsskeið í hekli og þrjóni
Ásdís Björk Pálmadóttir	Fyrirlestur hjá Fagkennarafélaginu –nóv Flip námskeið spegluð kennsla
Bragi Einarsson	Upplýsingatækni í skólastofunni
Ólafur Baldvin	Tölvunámskeið í FS
Ívar Valbergsson	Upplýsingatækni í skólastofunni, ADHD námskeið Flip námsskeið spegluð kennsla
Lárus Þór Pálmason	Hugbúnaðarnámsskeið fyrir fjarkennslu í fullorðinsfræðslu
Hildur Skúladóttir	Upplýsingatækni í skólastofunni Flip námskeið spegluð kennsla

Annað sem kennarar vilja taka fram

Gunnar Valdimarsson; Sat í nefnd á vegum Starfsgreinaráðs í byggingagreinum vegna endurskoðunar námskrár í húsasmíði og situr í nemaleyfisnefnd á vegum starfsgreinaráðs og IÐAN.

Sviðsfundir

Sviðsfundir um það bil einu sinni í mánuði. Á fundunum er tekið á mállefnum sem uppi eru hverju sinni. Kennarar skiptast á upplýsingum og lausnum. Einnig eru þessir fundir nýttir til ýmis konar kynningar og tilkynninga. T.d kynnti Lárus Þór Pálmason Leonardo verkefni sem hefur með nemenda og kennaraskipti. Á sviðsfundi var undirbúinn þrískólafundur sem haldinn var á Selfossi en þetta er liður í samstarfi FS við framhaldsskólana á Selfossi og Akranesi. Á sviðsfundum voru ræddar námsmatsaðferðir, yfirferð og undirbúningur prófa og þ.h.

Innkaup og fjárveitingar

Tæki og tól sem notuð eru í kennslu í verk-og tæknigreinum eru endurnýjuð eftir þörfum og getu. Tæki eru dýr en skólinn nýtur velvildar frá mörgum aðilum sem gefa góðar gjafir til afnota í kennslu. Aðstaða til vélstjórnarkennslu var bætt verulega vegna nýjunga í greininni.

Gjafir

Rafiðnaðardeild:

Rönning: öryggi og rennur ca. 200.000 kr.

Ískraft: 2 st. iðnstýrivélar og tíðnibreytir í tösku ca. 200.000 kr.

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja: (sveinafélagið) 400.000 kr.

Vélstjórnarbraut:

Vélstjórafélag Suðurnesja: 2 milljónir

Öryggismiðstöðin: 2 vaktkerfi

Nesfiskur: ýmsa vélahluti

Össur: gervifót

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.



Frá þemadögum, febrúar 2013.

8.5. Starfsbraut

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Pórunn Svava Róbertsdóttir 100% staða	Íslenska, Starfsnám á vinnustað, bókmenntir, tjáning, skipulögð vinnubrögð og heimilisfræði.	Íslenska, Starfsnám á vinnustað, skipulögð vinnubrögð og stærðfræði.
Gunnar Baldvin Valdimarsson	Smíðar	Smíðar
Ásta Birna Ólafsdóttir 100% staða	Lífsleikni, heilbrigðisfræði, starfsnám, Skipulögð vinnubrögð, ensku og heimilisfræði.	Lífsleikni, heilbrigðisfræði, starfsnám, Skipulögð vinnubrögð, bókmenntir og stuttmynd.
Kristjana Hildur Gunnarsdóttir	Íþróttir	
Thelma Björk Jóhannesdóttir 100% staða	Íslensku, lífsleikni, listir, stafs nám á vinnustað, skipulögð vinnubrögð og stærðfræði.	Enska, listir, stafs nám á vinnustað, heimilisfræði, skipulögð vinnubrögð og starfsnám í skóla.
Ingigerður Sæmundsdóttir	Stærðfræði	Stærðfræði
Lárus Þór Pálmason	Stærðfræði	Stærðfræði, starfsnám, tölvur og netagerð
Ágúst Eiríksson	Málmur	Málmur
Björk Bergsdóttir		Stærðfræði
Simon Cramer Larsen		Danska
Magnús Áskelsson 100% staða	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun.	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun.
Telma Rut Eiríksdóttir 100% starfshlutfall – fór í fæðingarorlof í lok sept.	Þroskaþjálfari aðstoðar nemendur í kennslustundum eða tekur að sér minni hópa í kennslu/þjálfun.	Fæðingarorlof

Ásta Svanhvít Sindradóttir 100% staða	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.
Erna Magnúsdóttir 100% staða	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.
Drífa Guðmundsdóttir 100% staða – fór í fæðingarorlof í mars.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.
Pórir Viðarsson Byrjaði í september í 100% stöðu.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.	Stuðningsfulltrúi aðstoðar nemendur í kennslustundum, frímínútum, hádegishléi og eyðum.

Kennslurými

Þrjár stofur voru notaðar fyrir nemendur á starfsbraut, þ.e. 221, 212 og 213, einnig voru hliðarstofur í 221 og kennslueldhús nýtt í til hópavinnu. Flest allir nemendur stunduðu nám í öllum þremur skólastofunum. Auk þess vorum við með eina litla kennlustofu á neðstu hæðinni en hún var nýtt fyrir nemanda sem þarf einstaklingsmiðað kennsluumhverfi.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á að vinna einstaklingsmiðað og ná hámarksárangri hjá nemendum jafnt sem kennurum. Nemendum var skipt í hópa í hverjum áfanga og kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sáu um viðkomandi hóp og aðlögun á námsefni eftir því sem þurfti hverju sinni. Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig. Nemendahópnum var skipt í tvo til þrjá hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum. Í íslensku, lífsleikni og stærðfræði voru nemendur í þremur mismunandi hópum, þ.e. stelpuhópi, strákahópi og blönduðum hópi. Í starfsnámi var nemendum skipt eftir árum, þ.e. nemendur á fyrsta og öðru ári voru saman í hópi og nemendur á þriðja og fjórða ári voru saman. Kennsluaðferðir voru fjölbreyttar, þ.e. unnið var með námsefnið á mismunandi hátt, t.d. með tónlist, vinnubókum, veraldarvefurinn var nýttur vel, I-pad, hlutverkaefingar, umræður og svo mætti lengi telja.

Kennslubækur og námsgögn

Kennarar útbúa og/eða taka saman námsefni fyrir nemendahópa sína. Ásta Birna Ólafsdóttir útbjó vinnuhefti í lífsleikni fyrir alla nemendur í lífsleikni. Þórunn Svava útbjó verkefnabók í fyrir alla nemendur í íslensku og einn nemendahóp í stærðfræði. Lárus Þór Pálmason útbjó verkefnabók fyrir tvo nemendahópa í stærðfræði.

Þórunn Svava Róbertsdóttir hefur miðlað námsefni sem hún hefur útbúið á undanförunum árum m.a. til Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, þ.e. Heimilisfræðibók og verkefni. Iðnskólans í Hafnarfirði, þ.s. íslenskubók sem heitir Svart og hvítt. Til Fjölbrautaskólans við Ármúla, þ.e. stærðfræðihefti um tímahugtök.

Fjölbrautaskólans í Breiðholti - bók í stærðfræði um tímahugtök. Fjölbraut á Akranesi fékk fjölmiðlaverkefnabók og tvær íslensku bækur, þ.e. spor í myrkri og tónlistarbók. Fjölbrautaskóli Suðurlands, Íslenskubókina, Spor í myrkri (vinnubók). Menntaskólinn í Kópavogi fékk senda heimilisfræðibók, Stærðfræði með áherslu á peninga og stærðfræði með áherslu á tímahugtök.

Fengið var afrit af vinnubók í íslensku frá FSU en hún var reyndar ekki til kennslu þetta árið.

Námsmat

Námsmat í áföngum er mismunandi. Nemendur fóru í 4-6 lokapróf allt eftir vali hvers og eins. Í lokaprófsáföngum fóru allir skráðir nemendur í lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Kennarar skila inn greinagerð um alla kennda áfanga, ásamt umsögn og námsmati um hvern og einn nemanda. Í lok hverrar annar fá nemendur einstaklingsnámsmat sem er mat á markmiðum sem sett voru í einstaklingsnámskrá í upphafi annar, umsögn frá kennurum um hvernig önnin gekk og hugmyndir um áframhaldandi starf. Það er liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Kennarar lögðu áherslu á fjölbreytt námsmat, s.s. tímaverkefni, könnunarpróf, heimapróf, hóppróf, símat, jafningamat, verkefni, verklegar æfingar, svindlpróf og munnleg próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Þórunn Svava Róbertsdóttir	12. sept. I-pad námskeið hjá Tölvumiðstöð fatlaðra 19. sept. I-pad námskeið um námskeið „öpps í skólastarfi“ sem haldið var í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. 28. sept I-pad námskeið sem haldið var fyrir einn ákveðinn nemanda á brautinni. 4.-5. október Námskeið í lífsleikni og kynfræðslu fyrir fólk með fötlun. Húmor í stjórnun 7. nóvember „Húmor í stjórnun“ sem Edda Björgvinsdóttir sá um og hélt.
Ásta Birna Ólafsdóttir	12. sept. I-pad námskeið hjá Tölvumiðstöð fatlaðra 5. nóvember. Kynning á diplómu námi í HÍ
Magnús Áskellsson	28. sept I-pad námskeið sem haldið var fyrir einn ákveðinn nemanda á brautinni
Ásta Svanhvít Sindradóttir	Undirbúningsnámskeið fyrir punktaletur hjá Sjónstöðinni á haustönn 2012.

Starfshópar á vegum ráðuneytisins

Ásta Birna Ólafsdóttir situr í nefnd sem heitir Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk á vegum velferðarráðuneytisins. Þar situr hún ásamt 6 öðrum sérfræðingum í málefnum fatlaðra.

Í apríl var Þórunni boðið að koma á fund ásamt fjórum öðrum kennslustjórum í Menntamálaráðuneytinu. Markmiðið var að fjalla um brautarlýsingar og námskrágerð. Boðið var þeim kennslustjórum að taka þátt sem eru komnir af stað í þessari vinnu í skólum sínum. Áætlað er að hittast aftur og fara yfir skráningu í námskrágrunninn.

Víkurfrettir - Menntavagninn

Þann 5. nóvember birtist grein eftir Þórunni og Ástu Birnu í Víkurfrettum (Menntavagninum) um starfsbraut. Hægt er að skoða greinina hér:

<http://www.vf.is/menntavagninn/starfsbraut-fjolbrautaskola-sudurnesja/55004>

Erindi

Ásta Birna flutti erindi á kennslustjóra fundi sl. haust um kennslu fyrir nemendur með óhefðbundna skynúrvinnslu. Þórunn Svava Róbertsdóttir kynnti niðurstöður nefndar um dæmabrautir (dæmastarfsbrautir) á samnemendum fundi.

Á námsstefnu fagfélagsins var þórunn með eina málstofu eða kynningu á aldursmiðuðu námsefni í íslensku.

Styrkir:

Undirrituð sótti um styrk til námsefnisgerðar í íslensku en hefur ekki borist svar við þeirri beiðni ennþá. Einnig sótti hún um styrk í Sprotasjóð til námsbrautagerðar sem hlaut ekki styrk. Nú í maí var einnig sótt um styrk til námsbrautagerðar en það er samvinnuverkefni á milli FS og Verkmenntaskólans á Akureyri.

Fagfélag

Þórunn Svava Róbertsdóttir situr annað árið sitt í stjórn félags kennara sem kenna á starfsbrautum. Alls eru fimm kennarar á starfsbrautum (kennslustjórar) í stjórn og hlutverk félagsins er að efla upplýsingaflæði og samstarf milli brauta og skapa vettvang til að miðla þekkingu. Hægt er að fullyrða að félagið er mjög virkt og fundað er að minnsta kosti einu sinni í mánuði ásamt því eru haldin klúbbkvöld, fræðsluerindi og námsstefnur.

Leonardo verkefni

Nemendaferð til Finnlands

Í upphafi skólaárs var ljóst að skólinn hafði fengið styrk frá Leonardo da Vinci verkefnisins um að fara í nemendaferð til Finnlands. Undirbúningur hófst strax í upphafi annar og stendur enn yfir þar sem þetta er tveggja ferða verkefni. Ásta Birna Ólafsdóttir tók að sér verkefnastjórnun en Þórunn var henni til aðstoðar. Mikil skrif og skýrslugerð er í kringum slíkt verkefni og vannst það jafnt og þétt yfir önnina. Í lok skólaárs var búið að velja 5 nemendur á þriðja ári til þess að fara í þessa ferð og þá var haft samband við foreldra þeirra í þeim tilgangi að kann hug þeirra áður en þetta yrði tilkynnt nemendum. Það var síðan eftir áramót sem nemendum var tilkynnt að þeim stæði til boða að fara til Finnlands. Eftir áramót var sérstakur landafræðiáfangi fyrir þá nemendur sem fóru í skiptinám til Finnlands á vegum Leonardo da Vinci verkefnisins. Í áfanganum voru nemendur undirbúnir undir ferðalagið sem fyrir höndum var, lærðu sitthvað um Finnland og finnska menningu. Eftir að heim var komið unnum við úr ferðinni nemendur kláruðu að fullvinna dagbækurnar sínar og skiluðu skýrslu um dvölinna í Helsinki.

Farið var til Finnlands sunnudaginn 3. mars og komið heim föstudaginn 15. mars. Alls fóru 5 nemendur og fjórir kennarar í ferðina. Hægt er að segja það að ferðin hafi tekist vel í alla staði. Nemendur voru mjög ánægðir með ferðina og sögðust hafa lært mikið af henni, bæði náms- og félagslega. Hægt er að nálgast ítarlegrar skýrslu hjá undirritaðri eða Ástu Birnu, verkefnastjóra.

Heimsóknir

Menntaskólinn í Kópavogi

2. október komu kennarar frá Menntaskólanum í Kópavogi í heimsókn og kynntu sér störf og námsgöng sem unnið er með á starfsbraut í FS.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

7. nóvember komu tveir kennarar frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í heimsókn og kynntu sér aðallega námsgöng sem unnið er með á starfsbraut í FS.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð

Brynja Brynleifsdóttir, ráðgjafi frá þjónustu- og þekkingarmiðstöð kom nokkrum sinnum á skólaárinu og veitti ráðgjöf eftir þörfum.

Jónína Leósdóttir

Gaman er að segja frá því að undirrituð hefur verið í sambandi við rithöfundinn Jónínu Leósdóttur þar sem unnið hefur verið með bókmenntir frá henni í íslensku á haust- og vorönn. Þann 30. apríl kom Jónína og hitti nemendur og kennara, sagði frá bókum sínum og svaraði spurningum nemenda. Nemendur voru mjög ánægðir og kurteisir, einnig sem Jónína var mjög ánægð með þessa heimsókn. Undirrituð hefur útbúið verkefnabækur út frá þremur bókum Jónínu með góðfúslegu leyfi höfundar.

Heimsókn frá AMS (Atvinnu með stuðningi)

19. nóvember komu starfsmenn frá Atvinnu með stuðningi (einn frá Reykjanesbæ og 5 frá Reykjavík) og kynntu sér fyrirkomulag starfsnáms hér í FS.

Jón Jónsson og Friðrik Dór

19. febrúar fengum við góða heimsókn en þá komu tónlistarmennirnir og bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór í heimsókn og sungu og spiluðu fyrir nemendur, ásamt því að svara spurningum um störf sín sem tónlistarmenn.

Nemar

Nemi í kennslufræðum við HÍ

Í nóvember kom nemandi í kennslufræðum við H.Í. og fylgdist með einni kennslustund hjá Thelmu Björk í þeim tilgangi að kynna sér skipulag kennslu á Starfsbraut.

Þroskaþjálfanemar

Eins og áður þá hafa þroskaþjálfanemar fengið tækifæri til að kynnst starfinu í FS á vorönn, en nú stunduðu þær Halldóra Steina Biering Garðarsdóttir og Kristín Ósk Bergsdóttir, þroskaþjálfanemar úr HÍ, vettvangsnám hér á brautinni í 6 vikur.

Fundir
Margir fundir voru haldnir á skólaárinu. Á hverjum fimmtudegi var fagfundur með öllu starfsfólki starfsbrautar frá kl 14:20-15:30. Á þessum fundum var farið yfir málefni nemenda, áherslur í starfi og miðlað upplýsingum. Nokkrir sviðsfundir voru haldnir eða um það bil einn í mánuði þar sem kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sátu. Nokkrir teymisfundir voru haldnir en þá sækja umsjónarkennarar, sviðstjóri og sá aðstoðarkennari sem er mest með viðkomandi nemanda.
Foreldrafundir með nemendum sem eru yngri en 18 ára voru haldnir eftir þörfum, þ.e. í samráði við foreldra og fóru þeir fram í Fjölbrautaskólanum eða úti í bæ. Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins boðaði til nokkra funda þar sem kynntar voru nýjar niðurstöður hjá þeim nemendum sem höfðu sótt þjónustu hjá þeim. Haldnir voru nokkrir fundir með foreldrum nemenda sem eru væntanlegir í FS á næsta skólaári. Kennslustjórafundur var haldin 15. október í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Miklar breytingar hafa orðið á skipulagi brautarinnar og hefur það komið mjög vel út. Nemendahópnum var oftast skipt í þrjá hópa, þ.e. stelpu, stráka og blandaða hópana. Einnig sem nemendum var stundum skipt eftir árum í hópa, þ.e. nemendum á 1-2 ári saman og 3-4 ári saman. Mikilvægt er að hafa sveigjanleika í nemendahópnum og varast það að niðurnjörva hópana um of. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og að mörgu er að hyggja, því er mikilvægt að hafa flæði á milli hópa og hafa hópaskiptinguna einstaklingsmiðaða. Að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut hefur verið unnið metnaðarfullt starf, lögð hefur verið áhersla á einstaklingsmiðað nám og að skapa aðlaðandi umhverfið fyrir nemendur og kennarar. Ég á eftir að sakna nýútskrifaðra nemenda, en óska þeim velgengni og vellíðan í framtíðinni og er fullviss um það að þau verði fær um að taka þátt í atvinnulífinu og veðri samfélaginu sem við búum í til sóma.

10. maí 2013

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman

9. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2012-2013

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað heldur undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru fleiri. Það er m.a. vegna þess að í nokkrum stórum verkefnum eru safngögn ekki lánuð út en nemendur nota þau í staðinn á safninu og í kennslustofum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2012-2013	Safnkostur		Aðföng 2012-2013
Bækur	162	17.168	Keypt	165
Myndefni	58	1.127	Aðsent	36
Hljóðefni	11	250	Gjafir	31
Hljóðbækur	0	90		
Margmiðlunardiskar	0	72	Kennslubækur	19
Annað	1	11		
Afskrifað: 34				
Samtals	232	18.718		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	2	500 Raunvísindi	12
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	3	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	14
200 Trúarbrögð	3	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	30
300 Samfélagsfræðigreinar	25	800 Bókmenntir	119
400 Tungumál	7	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	17

Tímaritaáskriftir: 35

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

000 Almennt efni	14
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	28
200 Trúarbrögð	13
300 Samfélagsfræðigreinar	72
400 Tungumál	18
500 Raunvísindi	51
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	52
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	94
800 Bókmenntir	493
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	133
Samtals	968

Millisafnalán: 8

Lán innan safns/skóla: 1.424 (haustönn 699, vorönn 725)

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

10. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Skólaárið 2012-2013 voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann.

Heiða Kristín Harðardóttir var í 75% stöðu sem námsráðgjafi og 25% stöðu sem forvarnarfulltrúi. Sesselja Bogadóttir var í 78% stöðu sem námsráðgjafi. Sunna Gunnarsdóttir var í 75% stöðu á haustönn og 89% stöðu á vorönn

Nemendafjöldi á haustönn 2011 var u.þ.b. 1100 og um 1050 á vorönn 2012.

Grunnskólanemar voru u.þ.b. 88 nemendur báðar annir.

Verkaskipting námsráðgjafa

Elín Rut Ólafsdóttir náms- og starfsráðgjafi er námsráðgjöfum innan handar og stýrir fundum með þeim einu sinni í vikur. Á þeim fundum er farið yfir ýmis mál sem tengjast starfinu.

Heiða sá um námstækninámskeið á haustönn og vorönn. Heiða hafði umsjón með fornáms- og færnihópum. Heiða fór einnig með ferilskrágerð inn á Hársnyrtibraut.

Sesselja sá um verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ sem er samstarfsstarfsverkefni mennta- og menningamálaráðuneytis, Vinnumálastofnunar og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Sesselja hefur haldið utan um liðveisluna. Sesselja sá um prófkviðanámskeið á haustönn og vorönn. Hún fór með fyrirlestur um ferilskrágerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á haustönn og vorönn. Sesselja hafði umsjón með skipulagningu og umsjón nýnemadagsins sem haldinn er í upphafi hverrar haustannar.

Sunna hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Hún var umsjónarkennari nemenda eldri en 18 ára. Sunna fór með námstækni á íþróttafreksbraut. Hún hefur haft umsjón með sér úrræðum fyrir próf. Sunna sá um aðstoðarlista námsráðgjafa. Einnig hefur Sunna setið fundi varðandi Heilsueflandi skóla. Sunna hefur haft umsjón með kynningarmyndbandi sem Sindri Jóhannsson nemandi gerði fyrir skólann.

Heiða, Sesselja og Sunna sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum og einnig um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Þær sáu einnig um viðtöl á almennu brautinni. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Heiða hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar. Allir námsráðgjafar héldu fyrirlestur um námstækni í Lífsleiknitímum.

Í prófum á haustönn og vorönn skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál. Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“. Fjölbrotaskóli Suðurnesja er einn af þremur skólum sem tekur þátt í verkefninu sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að nemendur í kvöldskóla leiti til námsráðgjafa svo og fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hvernar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 125 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS báðar annir. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 20 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á tvö námstækninámskeið, annars vegar í september og svo í febrúar. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkvíðanámskeið í nóvember og annað í apríl. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi nemanda.

Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Heiðu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar reglulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra á samræmdum prófum. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Í vetur hafa námsráðgjafar sótt fundi og málþing á vegum Velferðavaktar Suðurnesja. Einnig hafa námsráðgjafar farið á fundi í tengslum við verkefnið „Brottfall í framhaldsskólum“.

Í febrúar fóru Heiða, Sesselja og Sunna á ráðstefnu í Seattle í Bandaríkjunum. Ráðstefnan bar heitið ” Making Your Mark” og var á vegum Washington School Counselor Association. Heiða fór á málþing um málefni innflytjenda.

Námsráðgjafar fóru á kynningu hjá Bryn ballet.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á haustönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR.

Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá fjölskyldu-og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og fjölskyldu-og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að skrá grunnskólanemendur inn í skólann.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingsgeðdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

11. Nám er vinnandi vegur

Inngangur

Síðastliðnar fjórar annir hefur Fjölbrautaskóli Suðurnesja (FS) tekið þátt í átaksverkefninu *Nám er vinnandi vegur*. Þetta verkefni miðar að því að veita nemendum á aldrinum 18 til 25 ára skólavist. Átakið byggir á tillögum frá samráðshóp ráðuneyta, allra þingflokka, aðila vinnumarkaðarins og hreyfinga námsmanna sem forsætisráðherra skipaði (Keilir. Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, 2011). *Nám er vinnandi vegur* byggist meðal annars á markmiði í stefnumörkuninni Ísland 2020 um að lækka hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun. Nemendahópur átaksins er tvískiptur, annars vegar hópur nemenda sem innritaðist í nám samhliða því að þiggja bætur hjá Vinnumálastofnun og hins vegar hópur nemenda sem framhaldsskólarnir innrituðu til viðbótar við hefðbundna ársnemendur og eru á aldrinum 18-25 ára. Samhliða áttakinu var efld náms- og starfsráðgjöf í þeim framhaldsskólum, sem innrituðu nemendur vegna átaksins og var þessum nemendahópi fylgt eftir sérstaklega með það fyrir augum að sporna gegn brotthvarfi (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2012).

Átakið hófst haustið 2011 og var þá tæplega 1500 nemendum tryggð skólavist í framhaldsskólum landsins. Átakið hefur því staðið yfir í fjórar annir þ.e. haust 2011, vor 2012, haust 2012 og vor 2013. Þeir atvinnuleitendur sem fá skólavist innan átaksverkefnisins halda bótum sínum. Þegar þeir missa réttinn af bótunum er gert ráð fyrir að þeir sem eru í lánshæfu námi hjá LÍN fari af bótum á námslán en þeir sem eru í ólánshæfu námi geta fengið námsstyrk frá Atvinnuleysistryggingasjóði í allt að þrjár annir þar til þeir öðlast rétt til námslána (Vinnumálastofnun, e. ártal).

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var einn þessara framhaldsskóla sem tóku þátt í áttakinu *Nám er vinnandi vegur* frá upphafi og hefur það gert FS kleift að innrita fleiri nemendur í skólann en ella. FS býður upp á mjög fjölbreytt nám, bæði bóklegt og verklegt. Skólinn er áfangaskóli og var stofnaður árið 1976. Vorönn 2013 innrituðust um 1100 nemendur í skólann þar af voru 153 nemendur í áttakinu *Nám er vinnandi vegur*.

Í skólanum eru starfandi þrjár náms- og starfsráðgjafar og var einn þeirra fenginn til þess að halda sérstaklega utan um átakið. Það sem fólst í því var að skoða nemendahópinn sem var í áttakinu, fylgjast með mætingum og kalla nemendur til sín. Margir nemendanna voru búnir að vera í skólanum í eina, tvær eða þrjár annir og stóðu sig með þryði. Aðrir voru að byrja eftir mismunandi langa fjarveru og sumum fannst erfitt að vera að byrja aftur í skóla en aðrir voru spenntir og tilbúnir í nám. Námsráðgjafinn hvatti nemendur áfram og veitti þeim þann stuðning sem nemendur sóttust eftir. Misjafnt var hvað nemendur þörfuðust. Sumir vildu enga hjálp þiggja, aðrir vildu aðstoð. Ráðgjöfin fór fram að mestu leyti í einstaklingsviðtölum. Boðið var uppá leiðbeiningar um námstækni og prófkvíða, regluleg viðtöl og sérúrræði í prófum svo eitthvað sé nefnt. Sumum nægði bara að spjalla um daginn og veginn. Nemendurnir innrituðust á margar brautir og voru á misjöfnum stað í náminu.

Sumir voru ekki búnir að ljúka mörgum einingum úr framhaldsskóla á meðan aðrir voru að fara að útskrifast. Margir nemendanna mættu mjög vel en aðrir voru með mjög slaka mætingu og námsráðgjafinn reyndi að sinna þeim hópi meira en öðrum. Hann reyndi að fylgjast sérstaklega með þessum nemendum og hringja í þá og kalla á þá til sín oft en aðra nemendur.

Í upphafi vorannar 2013 voru 153 nemendur skráðir í verkefnið *Nám er vinnandi vegur* í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Þessar tölur voru sendar til Menntamálaráðuneytisins í upphafi annar. Af þessum nemendum voru aðeins sjö sem fengu framfærslustyrk frá VMST á önninni.

Niðurstöður

Eins og áður hefur komið fram voru nemendur sem tóku þátt í átakinu *Nám er vinnandi vegur* samtals 153. Kvenkyns nemendur voru samtals 79 eða 51,6% og karlkyns nemendur voru samtals 74 eða 48,4%. Sjá töflu 1.

Kyn	Fjöldi	%
Konur	79	51,6
Karlar	74	48,4
Samtals	153	100%

Tafla 1. Fjöldi kvenna og karla í *Nám er vinnandi vegur*.

Af þeim 153 nemendum sem voru skráðir í átakið héldu 142 nemendur áfram námi eða um 92,7% nemenda. Það þýðir að 11 nemendur hættu námi á vorönn 2013 eða um 7,3% nemenda. Af þessum 142 nemendum áætla 105 nemendur að koma aftur í skólann næstu önn sem eru 68,6% nemenda. Þeir nemendur sem ætla ekki að koma í skólann haustönn 2013 eru samtals 18 eða 11,7% (sjá töflu 2). Af þeim 19 nemendum sem útskrifuðust vorönn 2012 var enginn nemendanna með styrk frá VMST (sjá töflu 3).

Nemendur í átakinu	Fjöldi	%
Hættu á önninni	11	7,3
Útskrifast vor 2013	19	12,4
Áætla að koma aftur	105	68,6
Koma ekki haustönn 2013	18	11,7
Samtals	153	100%

Tafla 2. Fjöldi nemenda sem voru í átakinu *Nám er vinnandi vegur*.

Útskrift vor 2013	Fjöldi	%
Nemendur með styrk	0	0
Nemendur ekki með styrk	19	100
Samtals	19	100%

Tafla 3. Fjöldi nemenda sem útskrifaðist vorönn 2013.

Þegar þeir nemendur sem hættu í skólanum eru skoðaðir sést að enginn þeirra var með framfærslustyrk frá VMST (sjá töflu 4). Það má draga þá ályktun af því að það sé hvati fyrir nemendur að vera á styrk og að þeir hætti síður í námi heldur en ef þeir fá engan styrk.

Hættir á önninni	Fjöldi	%
Nemendur með styrk	0	0
Nemendur ekki með styrk	11	100%
Samtals	11	100%

Tafla 4. Nemendur sem hættu í skólanum vorönn 2013.

Þegar nemendur sem hættu í skólanum vorönn 2013 eru skoðaðir kemur í ljós að meirihluti þeirra byrjaði sömu önn eftir hlé frá námi eða níu nemendur sem eru 63,6% þeirra nemenda sem hætti. Það var einn nemandi sem byrjaði haustönn 2011 en hætti á vorönn 2013 sem gerir 9,1% af þeim sem hættu. Það var einn nemandi sem byrjaði vorönn 2012 en hætti á vorönn 2013 sem gerir 9,1% þeirra sem hættu. Það voru tveir nemendur sem byrjuðu haustönn 2012 en hættu á vorönn 2013 eða 18,2% þeirra sem hættu (sjá töflu 5). Þar sem fleiri nemendur hætta eftir að hafa verið stutt í skólanum má draga þá ályktun að ef nemendur klári eina önn í skólanum, séu meiri líkur á því að þeir haldi áfram í skóla.

Hættir á önninni (skipting eftir önnnum)	Fjöldi	%
Nemendur sem hófu nám haust '11	1	9,1
Nemendur sem hófu nám vor '12	1	9,1
Nemendur sem hófu nám haust '12	2	18,2
Nemendur sem hófu nám vor '13	7	63,6
Samtals	11	100%

Tafla 5. Fjöldi nemenda sem hætti í skólanum vorönn 2013 (skipt eftir önnnum).

Nemendur í áttakinu voru á aldrinum 16 ára til 62 ára. Aðalhópurinn var þó á aldrinum 18 til 25 ára en aðrir aldurshópar voru fengnir annirnar á undan til þess að bæta upp í hópa. Flestir nemendur voru á aldursbilinu 21 árs til 25 ára eða tæplega helmingur nemenda eða 47,7% þeirra. Fæstir nemendur voru undir 18 ára eða einungis 6,5% þeirra (sjá töflu 6). Í aldurshópnum 18 ára til 25 ára voru því 81,7% nemenda.

Aldur nemenda	Fjöldi	%
Undir 18 ára	10	6,5
18 – 20 ára	52	34
21 – 25 ára	73	47,7
26 ára og eldri	18	11,8
Samtals	153	100%

Tafla 6. Aldur nemenda vorönn 2013.

Af þeim fjölmörgu námsbrautum skólans voru nemendur í átakinu *Nám er vinnandi vegur* skráðir á 18 brautir. Fjölmennasta brautin var félagsfræðabraut en þar voru 47 nemendur skráðir eða 27,2 %. Næst fjölmennasta brautin var almenn braut en þar voru 13 nemendur skráðir eða 8,5 %. Á nokkrum brautum var aðeins einn nemandi í átakinu skráður. Þetta eru brautirnar grunnnám heilbrigðis- og félagsþjónustubraut, rafvirkjun og viðbótarnám til stúdentsprófs (sjá töflu 7). Þegar þeir sem hættu í skólanum eru skoðaðir eftir brautum sést að af þeim sem hættu í skólanum voru flestir skráðir félagsfræðabraut eða þrír nemendur sem eru 27,2% nemenda. Tveir nemendur hættu af löggæslu- og björgunarbrautinni eða 18,2% nemenda. Það voru sex námsbrautir þar sem einn nemandi af hverri braut hætti af. Þetta voru námsbrautirnar almenn braut, íþróttabraut, listnámsbraut, málabraut, tölvuþjónustubraut og viðskipta- og hagfræðibraut.

Námsbrautir	Fjöldi	%	Hættir	%
Almenn braut	13	8,5	1	9,1
Félagsfræðabraut	47	30,7	3	27,2
Gr.nám bygginga – og m.	0	0	0	0
Gr.nám málm- og vélt.	6	3,9	0	0
Gr.nám rafiðna	7	4,7	0	0
Hársnyrtiiðn	2	1,3	0	0
Heilbrigðis- og félagsþj.	1	0,6	0	0
Íþróttabraut	3	2,0	1	9,1
Listnámsbraut	10	6,5	1	9,1
Löggæslu og bjö.braut	5	3,3	2	18,2
Málabraut	9	5,9	1	9,1
Náttúrufræðibraut	12	7,8	0	0
Rafvirkjun	1	0,6	0	0
Sjúkraliðabraut	10	6,5	0	0
Tölvufræðibraut	3	2,0	0	0
Tölvuþjónustubraut	7	4,7	1	9,1
Verknámsbraut	0	0	0	0
Vélstjórn	4	2,6	0	0
Viðbótarnám til stúdents	1	0,6	0	0
Viðskipta- og hagfr.braut	12	7,8	1	9,1
Samtals	153	100%	11	100%

Tafla 7. Fjöldi nemenda eftir námsbrautum.

Þegar búseta nemenda var skoðuð kom í ljós að flestir nemendanna áttu heima í Reykjanesbæ eða 107 sem er um 70% þeirra. Næst kom Grindavík en þar bjuggu 17 nemendur eða um 11,1% nemenda. Fæstir nemendur áttu heima í Vogunum, eða fjórir nemendur sem voru um 2,6% nemenda. Af þeim nemendum sem hættu á önninni bjuggu 10 þeirra í Reykjanesbæ eða 90,9% nemenda og einn var utan Suðurnesja eða 9,1%. Enginn nemandi sem bjó í Garði, Grindavík, Sandgerði eða Vogunum hætti á önninni (sjá töflu 8).

Bæjarfélag	Fjöldi	%	Hættir	%
Reykjanesbær	107	70	10	90,9
Garður	12	7,8	0	0
Grindavík	17	11,1	0	0
Sandgerði	6	3,9	0	0
Vogar	4	2,6	0	0
Utan Suðurnesja	7	4,6	1	9,1
Samtals	153	100%	11	100%

Tafla 8. Fjöldi nemenda eftir bæjarfélögum.

Þegar ástæður þess að nemendur hættu í skólanum voru skoðaðar komu í ljós að þær voru margvíslegar. Flestir nemendur eða þrír nefndu að þeir væru komnir með vinnu eða að vinnan gengi fyrir hjá þeim og þess vegna vildu þeir hætta eða um 27,2%. Aðrir nemendur sem hættu nefndu hver sína ástæðu en þær voru fjárhagsástæður, flutningar, áhugaleysi og léleg mæting, félagslegar aðstæður, annar skóli, vanlíðan, námið of erfitt og einn nefndi annað (sjá töflu 8). Sá nemandi sem valdi ástæðuna annað sagði að hann hefði ekki fengið nógu mikla hjálp og að það væri of troðið í áfangana.

Ástæður brotthvarfs	Fjöldi	%
Vinna	3	27,2
Fjárhagsástæður	1	9,1
Veikindi	0	0
Flutningar	1	9,1
Áhugaleysi og léleg mæting	1	9,1
Félagslegar aðstæður	1	9,1
Annar skóli	1	9,1
Vanlíðan	1	9,1
Nám of erfitt	1	9,1
Annað	1	9,1
Samtals	11	100%

Tafla 8. Ástæður þess að nemendur hættu í skólanum.

Samantekt fyrir vorönn 2013

- 142 af 153 nemendum luku önninni eða um 93 %.
- 105 af þessum 142 nemendum halda áfram á næstu önn eða um 69%.
- 19 af 142 nemendum útskrifuðust eða um 12%.
- 11 af 153 nemendum hættu námi eða um 7%.
- 142 nemendur luku 1532 einingum eða 10,8 einingum að meðaltali á hvern nemanda.
- Falleiningar voru 468 eða 3,3 falleiningar að meðaltali á nemanda.
- Úrsagnareiningar voru 174 eða að meðaltali 1,2 úrsagnareining á nemanda.

Samanburður á milli haustannar 2012 og vorannar 2013

Haustönn 2012 voru 175 nemendur skráðir í átakið en 153 vorönn 2013. Það eru 22 nemendum færri á vorönn. Níu nemendur voru með styrk frá VMST haustið 2012 en þeim fækkaði niður í sjö vorið 2013. 37 nemendur eða 21,1% hættu haustið 2012 en mun færri hættu vorið 2013 eða 11 nemendur sem gera um 7,3% nemenda.

Níu nemendur útskrifuðust haustið 2012 eða um 5,1% nemenda en 19 nemendur útskrifuðust vorið 2013 eða um 12,4%. Á haustönn 2012 áætluðu 116 nemendur að koma aftur vorönn 2013 eða 66,3% þeirra. Á vorönn 2013 áætluðu 106 nemendur að koma aftur haustönn 2013 eða 69,3% þeirra (sjá töflu 9).

Nemendur í áttakinu	Haustönn 2012		Vorönn 2013	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Hættu á önninni	37	21,1	11	7,3
Útskrifast	9	5,2	19	12,4
Áætla að koma aftur	116	66,3	106	69,3
Koma ekki næstu önn	13	7,4	17	11
Samtals	175	100	153	100

Tafla 9. Samanburður á milli haustannar 2012 og vorannar 2013.

Haustið 2012 luku 138 nemendur 1717 einingum eða 12,4 einingum að meðaltali á hvern nemanda. Falleiningar voru 382 eða 2,8 falleiningar að meðaltali á nemanda og úrsagnareiningar voru 153 eða að meðaltali 1,1 úrsagnareining á nemanda.

Vorið 2013 luku 142 nemendur 1532 einingum eða 10,8 einingum að meðaltali sem er minna en um haustið. Falleiningarnar voru fleiri heldur en önnina á undan en á vorönn voru falleiningarnar 468 sem er nokkuð meira en á haustönn 2012. Úrsagnareiningar virðast vera nokkuð svipaðar á milli anna, sjá töflu 10.

	Haust'12	Meðaltal m/v nem.	Vor'13	Meðaltal m/v nem.
Loknar einingar	1717	12,4	1532	10,8
Falleiningar	382	2,8	468	3,3
Úrsagnareiningar	153	1,1	174	1,2

Tafla 10. Samanburður á einingum á milli haustannar 2012 og vorannar 2013.

Lokaorð

Það sem er ánægjulegt að sjá er þegar haustönn 2012 og vorönn 213 eru bornar saman þá voru færri nemendur sem hættu á vorönninni. Auk þess voru fleiri nemendur sem útskrifuðust á vorönn heldur en haustönn og er það mjög gott enda eitt markmiða skóla að útskrifa nemendur. Öflun menntunar er alltaf af hinu góða. Með áttakinu *Nám er vinnandi vegur* fá fleiri nemendur tækifæri til þess að mennta sig. Náms- og starfsráðgjöf skiptir þar miklu máli. Ráðgjöfin er mikilvægur þáttur þegar nemendur hefja aftur nám í skóla og margir nemendur þurfa að fá hvatningu og ná tengingu við aðila í skólanum sem þeir geta komið og spjallað við.

Þegar þessi skýrsla er gerð eru ekki komnar niðurstöður fyrir alla framhaldsskóla sem tóku þátt í áttakinu. Þegar áttak af þessu tagi er í gangi er líka mjög mikilvægt að hitta aðra aðila sem vinna að þessu verkefni á skólaárinu. Eftirfylgnin hefur ekki verið mikil en enginn fundur var boðaður á skólaárinu 2012-2013 sem er að mati undirritaðrar ekki nógu gott.

Ef áttakið heldur áfram þá verður vonandi bætt úr því. Að lokum þá vonar undirrituð að verkefnið *Nám er vinnandi vegur* sé komið til þess að vera í skólum landsins.

Sesselja Bogadóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók saman.

12. Lokaskýrsla „FS – skemmtilegri skóli“

Markmið

Hér eru markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Skólaþróunarverkefnið nær yfir tveggja ára tímabil og er sótt um miðað við það. Verkefnið miðar að því að gera FS að skemmtilegri skóla sem nemendum og starfsfólki líður vel í. Fjölbreyttar aðferðir verða notaðar við að ná þessu fram og verður mikil áhersla lögð á hvers konar nýsköpun í námsumhverfinu til að ná markmiðunum. Kennarar og starfsfólk, að minnsta kosti 30 manns, munu vinna að fjölbreyttum verkefnum sem tengjast nýsköpun í kennslu, námi og skólaumhverfinu með það að markmiði að styrkja nemendur og efla sjálfstraust þeirra, vinnugleði, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Þá er markmiðið líka að styrkja kennarahópinn faglega og stuðla að þróun hans í starfi. Ingvar Sigurgeirsson hefur tekið að sér að vera ráðgjafi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Verkefnin sem unnið verður að snúa m.a. að þróun og nýjungum í námsmáti, þverfaglegri verkefnagerð, þróun og nýjungum í kennsluaðferðum, námskrárgerð, bekkjarstjórnun, þróun á notkun Moodle, Facebook og Mindmanager í kennslu og þátttöku nemenda í samfélagsþjónustu.

Niðurstöður könnunar sem gerð var nú á vorönn 2011 á líðan nemenda í skólanum verða notaðar sem viðmið við mat á verkefninu þar sem líklegt má telja að skólaþróunarverkefnið hafi áhrif á líðan nemenda og áhuga þeirra á náminu. Í könnuninni kom fram að 88% nemenda líður mjög eða frekar vel í skólanum. Könnunin verður lögð fyrir aftur vorið 2013 og þá er stefnt að því að 95% nemenda svari á þann veg. Samkvæmt sömu könnun eru 82% nemenda mjög eða frekar ánægðir með að vera í FS og er markmiðið að ná þeirri tölu að minnsta kosti upp í 90%. Um 87% telja kennsluna í skólanum mjög eða frekar góða og stefnum við að því að yfir 90% verði þeirrar skoðunar þegar könnunin verður lögð aftur fyrir. Rúmlega 82% nemenda segjast sinna náminu mjög eða frekar vel og er markmiðið að það hlutfall hækki í að minnsta kosti 90% í kjölfar skólaþróunarverkefnisins.

Könnun á líðan kennara þar sem m.a. er spurt um starfsanda og viðhorf til og þátttöku í faglegri umræðu verður lögð fyrir á haustönn 2011 og aftur á vorönn 2013 til samanburðar. Þessi könnun var síðast lögð fyrir á vorönn 2009 svo einnig eru til samanburðartölur síðan þá. Niðurstöður þessara kannana verða notaðar við mat á verkefninu þar sem ætla má að viðhorf til starfsanda og faglegrar umræðu verði jákvæðari í kjölfar þess og þátttöku í faglegri umræðu meiri.

Niðurstöður og mat á verkefni

Við mat á verkefninu er ekki hægt að nota þau tölulegu viðmið sem lagt var upp með byrjun. Matsnefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja breytti áherslum sínum á innra mati og hefur t.d. könnun á viðhorfi til faglegrar umræðu kennara verið frestað. Eins er erfitt gera samanburð á tölum um líðan nemenda því notaðar voru mismunandi úrtaksaðferðir og orðalag spurninga var mismunandi. Einnig er erfitt að meta tölur úr nemendakönnun því minnihluti kennara starfar að þróunarverkefnum og því erfitt meta hvaða áhrif það hefur á alla nemendur skólans.

Við leggjum því upp með önnur viðmið til að meta árangurinn af verkefninu.

Þau eru mat kennara sem tóku beinan eða óbeinan þátt í verkefninu, mat stýrihóps, mat ráðgjafa og mat skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Þátttakendur í verkefninu voru beðnir um að meta það hvaða ávinning skólustarfið hefði haft af verkefninu og hver væri persónulegur ávinningur hvers og eins af verkefninu. Bárust nokkur svör og er hér samantekt á svörum þeirra:

Skólustarf

- Gerir gott starf betra.
- Eykur fjölbreytni.
- Leiðir til framþróunar starfsfólks.
- Það verður betra samstarf á meðal kennara.
- Ég er sannfærður um þeir sem tóku þátt í þessu starfi urðu betri og meðvitaðri kennarar fyrir vikið. Öll áhugaaukandi vinna gerir kennara betri og þar með skólustarfið í heild og skólinn verður betri og skemmtilegri.
- Það er alveg ómetanlegt fyrir skólann að svona verkefni sé í gangi. Það bætir skólustarfið og kennarar eru duglegri að fylgjast með nýjungum og prófa þær sem leiðir oftast til betri kennslu og ánægðari kennara. Þetta er allt keðjuverkandi.

Persónulegur ávinningur

- Sjá hvað aðrir eru að gera og bera mig saman við aðra.
- Fæ tækifæri til að vinna að framþróun í starfi.
- Ég hafði bæði gagn og gaman af að fylgjast með þessu verkefni og það hvatti mig til þess að prófa nýjungar hjá mér.
- Kennarar kynnast betur og eiga því auðveldara að leita ráða hjá hvort öðru.
- Skemmtilegir fræðslufundir.

Mat ráðgjafa, Ingvar Sigurgeirssonar, er að mjög vel megi una við niðurstöður þessa verkefnis. Vel hafi verið til fundið að hefja verkefni af þessu tagi með því að óska eftir sjálfboðaliðum. Verkefnin urðu afar fjölbreytt. Fyrra árið snertu mörg þeirra sérkennslu og stoðþjónustu og þar var um margt gengið lengra í átt til nýbreytni en í hinum verkefnunum. Seinna árið beindist athygli meira að kennsluaðferðum og að virkja nemendur, gera námið áhugaverðara og merkingarbærara. Verkefnið hefur vakið athygli utan skólans og orðið öðrum til hvatningar og eftirbreytni.

Mat stýrihóps, en það hélt utan um verkefnið ásamt verkefnastjóra, er að nokkuð vel hafi til tekist. Mun faglegri umræða er nú á meðal kennara en verið hefur undanfarin ár. Við teljum að nauðsynlegt sé fyrir kennara að hafa þá umgjörð sem svona skólaþróunarverkefni veitir. Það að hittast reglulega og ræða málin hjálpar mörgum í verkefnum sínum. Það að heyra um verkefni sem aðrir eru að vinna að getur gefið öðrum þátttakendum hugmyndir, styrk og verið þeim leiðbeinandi um það hvernig þeir geta bætt og þróað kennslu sína. Í þessu var fólgin jafningjastuðningur. Verkefnið hefur jákvæð áhrif á skólastarfið og gott fyrir ímynd skólans út á við að unnið sé að faglegum þróunarstörfum. Vonandi getum við í framtíðinni notað þann grunn og vinnulag sem sem við tileinkuðum okkur í þessu verkefni. Áriðandi er að fá tækifæri til að tala saman og kynna það sem við erum að prófa og reyna í skólastarfinu.

Mat Kristjáns Ásmundssonar skólameistara:

Nú er þessu skólaþróunarverkefni, FS skemmtilegri skóli, formlega lokið og mitt mat er að það hafi gert góða hluti fyrir skólastarfið hér í FS. Það hefur reynst ákaflega vel og hvatt kennara okkar til að huga að sinni kennslu og að leita nýrra leiða til að ná til nemenda.

Menn hafa prófað vendikennslu, notað „Facebook“ sem verkfæri til að ná til nemenda, þróað nýtt námsefni og notað dagbókarskrif í stað hefðbundinna verkefna svo eitthvað sé nefnt. Reynslunni af þessu hafa þeir síðan deilt með öðrum kennurum og þannig orðið þeim hvatning til að prófa í sinni kennslu. Auk þess hafa verið haldin fræðsluerindi um margvísleg kennslufræðileg efni. Þetta hefur því tvímælalaust ýtt undir frekari starfsþróunar meðal okkar kennara.

Nemendur í dag eru mjög tæknivæddir og því verðum við skólafólk að setja okkur í þeirra spor. Við þurfum að vera sveigjanleg og umfram allt reiðubúin til að tileinka okkur nýjungar á sviði kennsluhátta og kennsluaðferða. Þess vegna er svona þróunarverkefni og allt þróunarstarf mikilvægt fyrir okkur. Við þurfum sífellt að vera á tánum og nýta tæknina sem best til að ná sem bestum árangri. Ná til nemenda og virkja þá til náms í þessum nýja heimi, það er ekki auðvelt en er áskorun sem er vel þess virði að takast á við. Þetta verkefni hefur tvímælalaust hjálpað okkur á þeirri leið og það er von mín og trú að kennarar haldi áfram að þróa nýja kennsluhætti og vinna að nýjungum í kennslu til hagsbóta fyrir nemendur og okkar starf almennt þó svo að verkefninu sé formlega lokið.

Kynning á verkefni

Í tengslum við verkefnið voru haldin tvö málþing. Fyrri þingið, vorið 2012, var opið öllum sem vildu og var það vel kynnt meðal annars á vettvangi Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Nokkrir gestir á þinginu höfðu samband við þátttakendur og vildu forvitnast um tiltekin verkefni. Verkefnið hefur verið kynnt í staðarblaðinu, Víkurfréttum, en skrifuð var grein um verkefnið í dálkinn Menntavagninn. Sprotasjóður kallaði eftir kynningum á ráðstefnu sína í nóvember s.l. og buðumst við til að kynna okkar verkefni en það var ekki valið til kynningar. Í lok fyrra ársins var gerð áfangaskýrsla og greinargerð um verkefni. Var áfangaskýrslan send til Sprotasjóðs og greinargerðinni dreift innan skólans. Eitt skólaþróunarverkefnið, Vélhermar í fjarnámi, sem vélstjórnarkennarinn Ívar Valbergsson vann ásamt nemendum sínum fékk umfjöllun í sjónvarpsþættinum Landanum sem sýndur var á RÚV 22.10.2012. Var það góð kynning fyrir verkefnið sem og skólann. Einnig er ætlunin að bjóðast til að kynna afrakstur verkefnisins á málþingi um lærdómssamfélagið sem haldið verður á Akureyri í byrjun október. Loks var sett upp heimasíða þar sem er að finna helstu upplýsingar um verkefnið.

Framkvæmd

Stjórnendur réðu Guðmund Grétar Karlsson sem verkefnisstjóra þegar ljóst var að Sprotasjóður myndi styrkja verkefnið. Stýrihópur var starfandi utan um verkefnið og hittist með reglulegu millibili til skafs og ráðagerða. Atli Þorsteinsson, sögukennari, Harpa Kristín Einarsdóttir, líffræðikennari og Veska Jónsdóttir, þýskukennari, skipuðu stýrihópinn ásamt verkefnisstjóra. Leifur Ísaksson, byggingagreinakennari var einnig starfandi í stýrihópnum fyrri árið en hann hætti svo störfum við skólann.

Dr. Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, var ráðinn ráðgjafi verkefnisins og kom hann til samráðs við stýrihópinn þegar tilefni þóttu til. Hann mætti einnig á marga vinnufundi og erindi og var hópnum mikill styrkur.

Haldnir voru reglulegir vinnufundir þar sem áhugasamir kennarar hittust og ræddu verkefni sem hver og einn var að vinna að. Kennarar gátu borið saman bækur sínar og átt þetta faglega samtal sem oft vantar í skólastarfið. Þarna komu líka aðrir kennarar til að hlusta og heyra hvað hinir voru að gera.

Ákveðið var að halda reglulegar kynningar fyrir kennarahópinn um nýjungar í kennsluháttum af ýmsum toga. Á þessum tveimur árum voru haldin tíu erindi úr ýmsum áttum:

Í byrjun hélt Ingvar Sigurgeirsson inngangsfyrirlestur á kennarafundi þar sem hann kynnti þróunarstarf og gaf dæmi um ýmis þróunarverkefni, m.a. þróunarverkefni sem hann hafði unnið að með kennurum annarra skóla.

Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, kennari við Flensborg, kynnti samfélagsþjónustunám.

Einar Trausti Óskarsson, kennari við FS, kynnti gagnvirka kennslu í spænsku og öðrum tungumálum í gegnum tölvur.

Cherry Hopton, kennari við Angus College í Skotlandi, fjallaði um notkun Facebook í kennslu, kvikmyndagerð og mismunandi námsmatsaðferðir.

Margrét Pálsdóttir, málfræðingur fjallaði um mikilvæg atriði við munnlegan flutning kennara og nemenda.

Árný Helga Reynisdóttir, meistaraþrófnemandi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hélt erindi um breytingar í skólastarfi.

Guðrún Geirsdóttir, dósent við HÍ, fjallaði um gerð kennsluáætlaana.

Ægir Karl Ægisson, kennari og Einar Trausti Einarsson, sálfræðingur héldu erindi um notkun hugarkorta bæði í námi og kennslu.

Ingvar Sigurgeirsson hélt erindi um námsmat og námsmatsaðferðir.

Sólrún Guðjónsdóttir, kennari við Fjölbrautaskóla Snæfellinga, hélt erindi um notkun leiðarbóka í kennslu.

Við vorum líka með vinnufundi með ákveðnu þema. Sem dæmi um þemu má nefna skapandi skólastarf, hlaðvarpsupptökur(podcast) og Moodlepróf.

Við enduðum svo bæði árin með málþingum þar sem kynnt voru verkefni sem unnið hafði verið að yfir veturinn. Sjá nánar á heimasíðu [verkefnisins](#).

Hindranir

Nokkru færri þátttakendur tóku beinan þátt í verkefninu en lagt var upp með. Á vinnufundum voru að meðaltali 10–20 manns mættir og voru 8–10 verkefni kynnt á hvoru ári. Þátttaka kennara var ekki sérstaklega greidd af hálfu skólans. Þó má geta þess að þátttaka í skólaþróunarverkefnum telst til stiga sem geta síðan hækkað viðkomandi um launaþrep.

Tímasetning á fundartíma fyrir vinnufundi og erindi var í lok skóladags (kl 15:30) á fimmtudögum skv. stundatöflu. Hafði það eflaust áhrif á þátttöku í verkefninu því þátttaka var valkvæð.

Nokkrir kennarar lögðu fram góðar hugmyndir sem þeir vildu hrinda í framkvæmd en náðu ekki því ekki vegna tímaskorts og álags að þeirra sögn. Gaman hefði verið að sjá þessar hugmyndir fullunnar og kynntar. Velta má upp þeirri spurningu hvort skólaþróun ætti ekki að veða meira í almennu starfi kennara. Við þurfum að skapa skólaþróun miklu betri aðstæður í skólastarfinu.

Annað

Sett hefur verið saman ítarleg skýrsla þar sem m.a. er að finna greinargerðir þátttakenda úr þróunarverkefnum árána 2011–2013. Verður hún send sjóðnum með þessari skýrslu. Þess er vænst að hún geti nýst skólanum vel sem heimild um verkefnið, sem og kennurum annarra skóla og áhugafólki um skólaþróun.

Rekstarreikningur fyrir verkefnið er að finna á skjali sem fylgir þessari skýrslu.

Guðmundur Grétar Karlsson, verkefnastjóri, tók saman.



Frá þemadögum, mars 2013.

13. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur boðið nemendum aðgengi að viðtalstímum hjá hjúkrunarfræðingi í vetur. Þessi þjónusta hefur verið með sama fyrirkomulag frá byrjun eða vorönn 2007. Auglýstir tímar eru fjóra daga vikunnar, klukkustund í senn, þar geta nemendur hitt hjúkrunarfræðing á skólatíma.

Tímarnir hafa verið nokkuð vel nýttir þó dagar hafa komið þar sem enginn hefur komið.

Á haustönninni komu stúlkur 72 sinnum, drengir 34 sinnum, starfsmenn 8 sinnum en ýmist annað sem kom upp á var 12 sinnum, Ása sinnti 6 sinnum þegar undirrituð var ekki í skólanum. Nemendur voru kallaðir í fræðslu 3 sinnum vegna brota á reglum skólans vegna tóbaksnotkunar. Alls 135x.

Á vorönninni voru komur stúlkna 43 sinnum, drengja 25 sinnum, starfsmenn 19 sinnum, annað 10 sinnum. Alls 97 sinnum. Enginn nemandi var kallaður í fræðslu vegna tóbaksnotkunar í skólanum og má velta fyrir sér hvort markaðssetning á orkuskotum í vör án nikotíns hafi gert starfsmönnum erfiðara með að stoppa nemendur til að fylgja tóbaksreglum eftir. Tóbaksnotkun nemenda virðist minna áberandi í vetur en undanfarna vetur, einn og einn með í vör og á tveim stöðum utan skólalóðar sjást nemendur reykja en ekki í stórum hópum.

Á haustönn kom fulltrúi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja í tengslum við þjónustu sem þeir vildu byrja með og fengu að leggja könnun fyrir nokkra hópa nemenda um hvort þau myndu nýta sér Ungmennanþjónustu við HSS ef hún væri til. Svörunin gaf strax tilefni til að þörf væri á svona þjónustu þannig að HSS fór í beinu framhaldi af stað haustið 2012. Þessi þjónusta er auglýst í skólanum. Það getur verið auðvelt fyrir nemendur að senda fyrirspurn í tölvupósti á HSS. Aðalatriðið er alltaf að nemandi leiti sér hjálpar ef hann þarf á því að halda. Mér skilst að mörg erindi berist til þeirra.

Í haust var starfsmönnum boðið uppá bólusetningu gegn Inflúensu og sá HSS um framkvæmd þess. Á kennarastofu var ákveðinn staður með upplýsingum varðandi nemendur sem lifa með lífsógnandi sjúkdómum þannig að „allir“ starfsmenn vissu af því og hvernig bregðast ætti við. Ofarlega í huga er einnig hvernig fræða mætti ungt fólk sem flutt hefur hingað til lands sem börn, alast hér upp en lenda í tilvistarpælingum á milli gilda frá heimalandi og gilda íslenskra jafnaldra sinna og minnka þannig líkur á að þau einangrist.

Námsráðgjafar hafa verið þrír í vetur, ungmennanþjónustan er komin til að vera etv. skýrir það færri komur til hjúkrunarfræðings á vorönn. Samvinna við HSS er góð en það mætti aukast þegar nemendur flytjast á milli skólastiga. Allavega hef ég endurtekið orðið vör við að foreldrar telji að heilsufarssaga barna sinna færist sjálfkrafa til FS þar sem nemendur eru ekki orðin 18 ára.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

14. Skýrsla forvarnafulltrúa

Í vetur var ég starfandi sem forvarnafulltrúi við Fjölbautaskóla Suðurnesja. Ég var í 25 % starfi sem forvarnafulltrúi og 75% sem náms- og starfsráðgjafi. Þetta er annað árið sem ég gegni hlutverki forvarnafulltrúa við skólann.

Starfi mínu sem forvarnafulltrúi má skipta upp í þessa helstu flokka:

Starf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Tóbaksnotkun

Samtakahópurinn

Ráðstefnur og námskeið

Viðtalstími

Annað

Starf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Forvarnafulltrúi kom með þá hugmynd í lok síðasta skólaárs að við hefðum svo kallaðan edrúpott á böllum hér við skólann og var vel tekið í það. Ákveðið var að til þess að komast í pottinn myndi nemandi blása í mæli hjá starfsmanni og þeir sem blésu þrisvar sinnum færu í pottinn. Málið var sett í hendur nemendafélagsins sem aflaði vinninga og var ákveðið að vinningarnir yrðu tveir Ipad, annar gaf foreldafélagið og hin Reykjanesbær. Forvarnafulltrúi telur að ekki hafi verið staðið nægilega vel að kynningu á pottinum þegar líða tók á skólaárið og mæti nemendafélagið gera betur þar. Einungis voru 18 nemendur í pottinum eftir síðasta ballið. Vonandi verður þessi leikur endurtekin, verði betur auglýstur og meiri þátttaka á næsta skólaári.

Undirbúningur að dansleik

Fundur með félagslífsfulltrúa, lögreglu, skólameistara og nemendafélagi fyrir ball.

Gæsla á balli, hringja í foreldra og láta ná í nemenda undir aldri.

Boða þá sem gerðust brottlegir við reglum skólans og dansleiks í viðtal ýmist einir eða með foreldrum, fór eftir hvort nemandi var sjálfráða eða ekki.

Rætt við nemendur um gjörðir þeirra og þeim boðin aðstoð ef þau telja sig þurfa.

Í vetur ræddi ég við 14 nemendur undir 18 ára með foreldrum þeirra.

Nú í ár var annað árið sem við erum í samvinnu með félagsmiðstöðvum á Suðurnesjum um að þau komi að útivörslu á böllum okkar, stafsmenn félagsmiðstöðvanna sjá til þess að engir undir 16 ára komist á ballið okkar. Í vetur var ein stúlka sem borið var kennslu á að var enn í grunnskóla, hún var tekinn inn fyrir og faðir náði í stúlkuna.

Tóbaksnotkun

Tók viðtöl við þá nemendur sem vísað var til mín vegna tóbaksnotkunar, allir sem komu komu vegna munntóbaks. Nemendur fá fræðslu, tiltal og áminningu vegna brots á skólareglum. Athugasemd er sett á Innu um brot þeirra. 16 voru áminntir vegna tóbaksnotkunar en þrír nemendur voru uppvísir tvisvar sinnum af því að brjóta reglurnar og fóru þeir í fræðslu til Sólveigar skólahjúkrunarfræðings. Einum var vísað til skólameistara þar sem hann var búinn að brjóta af sér ítrekað.

Samtakahópurinn

Forvarnafulltrúi FS á sæti í hópnum, hann hittist aðra hverja viku og voru fundirnir haldnir í FS kl 8 á föstudagsmorgnum. Rætt þau mál sem máli skipta á hverjum tíma og haft samráð ásamt því að viðra hugmyndir sínar og fá hinar ýmsu skoðanir á málum. Mest er þó verið að ræða mál er varðar grunnskólana. Í samtakahópnum eiga sæti námsráðgjafar grunnskóla Reykjanesbæjar, lögregla, hjúkrunarfræðingur, fræðsluskrifstofa, barnavernd og æskulýðsfulltrúi.

Ráðstefnur og námskeið:

Samtök forvarnafulltrúa í framhaldsskólum var lagt niður eftir síðasta skólaár og því engir fundir eða þing haldin á vegum þeirra. Ástæðan fyrir því að samtökin voru lögð niður var sú að menntamálaráðuneyti ákvað að leggja enga peninga í þetta verkefni og því var það lagt niður.

Forvarnafulltrúi fór á eitt málþing sem sneri að forvörnum í vetur og var það um fíkniefnaleitarfund í skólum og einnig um notkun áfengismæla á böllum. Á þessum fundi var einnig Kristján lögreglumaður sem við í FS vinnum mikið með og vorum við sammála aum að við erum að gera mjög góða hluti hér í FS og erum meðal annars eini skólinn sem vitað er um alla vega sem er með lögreglu á balli.

Viðtalstími

Viðtalstími minn var alla daga, ég afmarkaði ekki neinn tíma sérstaklega fyrir forvarnastarf heldur sinni ég þeim jafnhliða námsráðgjöfinni og var því alltaf til taks þegar nemendur, forráðamenn og aðrir þurftu á mér að halda.

15. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2012-2013 sat félagslífsfulltrúi u.þ.b. 20 formlega fundi með stjórn/miðstjórn NFS ásamt ýmsum smærri fundum með formanni og/eða öðrum stjórnarmeðlimum. Meðal helstu hlutverka vetrarins var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.fl.

Félagslífið á skólaárinu gekk heilt yfir mjög vel og bauð upp á fjölbreytta atburði fyrir nemendur. Heilt yfir var duglegt og metnaðarfullt fólk í stjórninni og gekk samstarfið með þeim vel. Breyting varð á stjórninni á vorönn, einum meðlim var bætt í stjórnina þar sem einn stjórnarmaður var óvirkur að hluta vegna persónulegra mála.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa venjulega hæst á hverju skólaári. Það voru 4 dansleikir á skólaárinu og gengu þeir að mestu mjög vel og voru vel sóttir; busaball og Palla-ball fyrir áramót, Hljóðnemaball og árshátíð eftir áramót. Félagslífsfulltrúi og forvarnarfulltrúi áttu gott samstarf sín á milli sem og við stjórn nemendafélagsins. Gott samstarf var við lögreglu á dansleikjunum og voru yfirleitt 1 – 2 lögreglumenn að störfum, auk þess mætti leitarhundur á lokadansleikinn. Fulltrúar frá útideild/félagsmiðstöðvum sveitarfélaganna á Suðurnesjum voru boðaðir á dansleikina, en þeirra hlutverk var fyrst og fremst að kanna hvort nemendur á grunnskólaaldri væru á dansleikjunum, mæting þeirra var misgóð. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1 -2 lögreglumenn, 6 – 8 starfsmenn frá FS, 10 – 12 úr útskriftaraðli, 2 – 3 fulltrúar frá félagsmiðstöðvunum auk 6 – 8 dyravarða. Mikilvægt er að hafa a.m.k. einn fulltrúi frá stjórn nemendafélagsins sem starfsmann/tengilið á dansleik, en það var því miður ábótavant á einhverjum dansleikjum.

Sú nýbreytni var tekin upp í vetur að bjóða upp á svokallaðan „Edrúpott“. Nemendur höfðu kost á því að blása í áfengismæli á dansleik og ef ekkert áfengi mældist í viðkomandi fór nafn hans í pottinn. Í lok skólaárs var dregið úr þeim nöfnum sem höfðu komist a.m.k. þrisvar sinnum í pottinn. Tveir einstaklingar voru dregnir út og fengu iPad í verðlaun. Þessi tilraun heppnaðist vel, en mætti þó auglýsa betur í upphafi skólaárs.

Félagslífið í vetur var heilt yfir nokkuð gott en þó ýmislegt sem betur mætti fara eins og gengur og gerist. Mjög áberandi eru svokallaðar „klíkur“ en of margir viðburðir og umfangið í kringum þá tengjast ákveðnum vinahópum. Þar má kannski sérstaklega benda á söngkeppni framhaldsskólanna en þar var fulltrúi okkar frábær söngkona úr Vogunum. Stúlkan var ekki í „réttu“ klíkunni og fékk þ.a.l. lítinn stuðning frá stjórnin, hún fór t.a.m. ein á úrslitakeppnina á Akureyri og var keppnin lítið auglýst innan skólans. En stjórninni til varnar má benda á að söngkeppnin fór fram sömu vikuna og árshátíðarvika NFS og ekki var í boði gistiþáttur fyrir stuðningsfólk á Akureyri. Í kosningunum í vor kom einn frambjóðandinn inn á þessar „klíku“ myndanir í skólanum og vildi taka á því. Það verður fróðlegt að fylgjast með því á næsta skólaári, en umræddur frambjóðandi náði kjöri.

Árangur FS í stóru keppnunum þremur „Gettu betur“, „Morfís“ og „Söngkeppni framhaldsskólanna“ var ekki eins góður í ár og oft áður, þrátt fyrir góða framgöngu okkar fólks. Skólabátturinn Hnísan og skólablaðið Vizkustykki komu út á skólaárinu og er mjög ánægjulegt að halda í slíkar hefðir.

Bjarnarboltinn (Bear – Cup) fór fram í ár og tókst í alla staði mjög vel og var spilað í anda knattspyrnulaganna. Leikmenn þurftu m.a. að skila inn undirrituðu blaði með samþykki sínu fyrir þátttöku, ef nemandi var ekki orðinn 18 ára þurfti hann að skila inn blaði með undirskrift foreldra. Fjölmiðlar komust reyndar í myndbandsupptöku af gömlu móti þar sem átök brutust út og var mikið úr gert. Bjarnarboltamótið hefur tekið algjörum stakkaskiptum s.l. ár og á ekkert skylt við það myndbrot sem birt var og rætt var um í helstu fjölmiðlum.

Undirritaður fundaði með stjórn NFS á mánudögum í vetur þar sem líðandi vika og vikan framundan voru rædd. Þrátt fyrir reglulega fundarsetu gerðist það allt of oft á skólaárinu að upplýsingar um hina ýmsa viðburði voru ekki ræddir á þessum fundum, þrátt fyrir ítrekuð fyrirmæli til stjórnarmanna um að bæta upplýsingaflæðið, lagaðist ástandið lítið.

Félagslífið er stór og mikilvægur þáttur í skólalífi framhaldsskólanemenda og því mikilvægt að vel takist til og starfið sé vel skipulagt. Tíminn sem stjórnarfolk eyðir í sín störf er oft á tíðum gríðarlega mikill. Það hefur oft komið til tals innan stjórnar hvort stjórn NFS eigi að fá einingu fyrir störf sín? Mín skoðun er sú að miðað við þá vinnu sem allflestir stjórnarmenn leggja á sig, þá ættu þau eininguna skilið. Spurning hvort hægt væri að setja áfanga inn í töflu (NFS 101) þar sem stjórn er með t.d. 2 tíma á viku í töflu og notar þann tíma til þess að leggja línurnar og starfa undir handleiðslu félagslífsfulltrúa?

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.

14. Skýrsla nemendafélags (NFS)

Skýrsla hefur ekki borist.



Frá Starfshlaupi, mars 2013.